



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

3. tölublað
6. árgangur
Desember 2004

Gleðileg jól!



Bls. 9



*Jól að hætti
Filippseyinga*

Bls. 24



*„Ég get gert
svo að segja
allt sem mig
langar til“*

Bls. 26



*Orlofsferðir
næsta sumar*



Útgefandi: Eining-Iðja

Skipagötu 14
600 Akureyri
Sími 460 3600
Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:

Björn Snæbjörnsson

Umsjón, textagerð og prófarkalestur:

Fremri kynningarþjónusta,
Þórsstíg 4, Akureyri.
Sími: 461 3666 - Bréfasími: 461 3667.
Netfang: fremri@fremri.is

Þýðingar:

Andrea Sompit Siengboon og
Rafn Kjartansson

Auglýsingar:

P. J. auglýsinga- og markaðs-
þjónusta. Símar 566 8262 & 861 8262.
Bréfasími 566 8236.
Netfang: pj@pj.is

Forsíðumynd:

Jólin nálgast og þá fara jólaveinarnir á stjá.
Mynd: Ásgrímur Örn Hallgrímsson.

Prentvinnsla:

Ásprent ehf.

Fjárlst er að nota efni úr blaðinu, í heild eða
hluta, þó þannig að heimildar sé getið.

Skrifstofa Einingar-Iðju á Dalvík:

Ráðhúsinu. Sími: 466 1340
Bréfasími: 466 1041
Starfsmaður á skrifstofu er Guðrún
Skarphéðinsdóttir. runa@ein.is
Opð kl. 10-14 mánudaga, þriðjudaga,
fimmtudaga og föstudaga
og kl. 10-16 á miðvikudögum.

Skrifstofa Einingar-Iðju í Ólafsfirði:

Múlavegi 1. Sími 466 2318
Bréfasími 466 2681
Starfsmaður á skrifstofunni er Ágúst
Sigurlaugsson. gusti@ein.is
Opð kl. 9-12 þriðjudaga, miðvikudaga
og fimmtudaga.

Fulltrúi Einingar-Iðju í Hrísey

er Elísabet Jóhannsdóttir, sími 466 1744.

Fulltrúi Einingar-Iðju

í Grýtubakkahreppi


er Marsibil E, Kristjánsdóttir,
sími 463 3204.

Efnisyfirlit

- 4** Desemberuppþót
- 4** Björn kosinn varaformaður SGS
- 4** www.ein.is Nýtt veffang - ný netföng
- 6** Vel sóttur kynningarfundur um starfsmat
- 8** Hér eru allir svo hjálpsamir
- 9** Jól að hætti Filippseyinga
- 10** Vináttuferð til Verkalýðsfélags Vestfirðinga
- 12** Spurning blaðsins
- 13** Vetrarleiga orlofshúsanna
- 13** Björn í miðstjórn ASÍ
- 14** Orlofsferð Einingar-Iðju til Skandinavíu
- 16** Afsláttur í líkamsrækt og sund
- 16** Mikil viðbrögð við auglýsingu um unglingakaup
- 18** Ævintýraferð um Austurland
- 21** Alþjóðastofan
- 21** Akureyri intercultural centre
- 22** ЧКНННН ККНННН (Alþjóðastofan)
- 23** Dagsferð í Flatey á Skjálfanda
- 23** Kynntu þér námsstyrkina
- 23** Launahækkun um áramót
- 24** „Ég get gert svo að segja allt sem mig langar til“
- 25** Konur - svona var þetta 1950!
- 26** Orlofsferðir næsta sumar
- 27** Rúmlega 95% vita fyrir hvað félagið stendur
- 28** Breyttir tímar
- 32** Steinarnir stóru
- 33** Verðlaunakrossgáta
- 34** Verðlaunagetraun og lausnarseðill

Mikil hækkun umfram verðlag

Aldrei neikvæð ávöxtun



Séreignardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands var sett á laggirnar í ársbyrjun 1999 og hefur árangur hennar reynst mjög góður. Boðið er upp á tvö söfn, Safn I og Safn II og á fyrstu tæplega 6 árum deildarinnar eða til loka október 2004, var raunhækkun 60,8% á Safni I og 74,1% á Safni II. Þetta eru hækkarnir sem urðu á söfnunum umfram almennar verðlagshækkarnir á þessum 70 mánuðum. Þetta er athyglisverður árangur, því eins og flestum er kunnugt voru fjármálamarkaðir mjög erfiðir á stórum hluta þessa tímabils. Eignir einstaklinga í þessum söfnum hafa hækkað jafnt og þétt milli ára og ársávöxtun **hefur aldrei orðið neikvæð** á þessum tíma. Mikilvægt er einnig að benda á að kostnaði er stillt í hóf við rekstur deildarinnar; aðeins 0,5% af inneign er árlega ráðstafað til greiðslu á öllum kostnaði. Mjög litlum fjármunum er varið til auglýsinga. Einstaklingum er bent á að spyrja alla vörsluaðila séreignarsparnaðar nákvæmlega um þann kostnað sem þeir eru látnir bera. Einnig er nauðsynlegt að kynna sér vel hvernig staðið er að innheimtu iðgjalda í séreign því mikilvægt er að hún sé í föstum skorðum.

 **LÍFEYRISSJÓÐUR
NORÐURLANDS**
- þar sem framtíðin vex!

Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Fax 460-4501
Tölvupóstur: ln@ln.is • Heimasíða: www.ln.is

Desemberuppbót

- færð þú það sem þér ber?

Félagsmenn eru minntir á rétt til þess að fá greidda desemberuppbót samkvæmt kjarasamningum. Mismunandi er eftir samningum hver upphæð desemberuppbótar er og við hvaða tímabil er miðað til skilgreiningar á fullu starfi. Uppbótina skal greiða í einu lagi en ekki reiknast ofan á hana orlof. Varðandi nánari útfærslu eða undantekningar er félagsmönnum bent á viðkomandi kjarasamninga, sem meðal annars eru aðgengilegir á vef félagsins, www.ein.is eða að leita upplýsinga með því að hafa samband við skrifstofu félagsins í síma 460-3600.

Starfsmenn hjá ríkinu eiga að fá desemberuppbót greidda 1. desember, starfsmenn á almennum vinnumarkaði eigi síðar en 15. desember og starfsmenn sveitarfélaga eiga að fá sína desemberuppbót greidda í desember, samanber viðkomandi kjarasamninga.



Samningur við launaneftnd sveitarfélaga

Upphæð desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi við launaneftnd sveitarfélaga er 54.671 krónur miðað við desember 2004. Starfsmaður í fullu starfi skal fá uppbótina greidda en með fullu starfi er átt við 100% starf á tímabilinu frá 1. janúar til og með 30. nóvember. Hafi launþegi gegnt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og/eða starfstíma, þó þannig að hann hafi starfað samfellt að minnsta kosti frá 1. september. Starfsmaður sem lætur af starfi á árinu en hafði þá starfað samfellt að minnsta kosti í sex mánuði skal einnig fá greidda uppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu. Hlutfall uppbótar er reiknað sem hlutfall af fullri vinnu í 12 mánuði á almanaksárinu.

Samningar við ríkisvaldið

Desemberuppbót samkvæmt samningum Einingar-löju við ríkið miðast við að starfsmaður í fullu starfi, sem var við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar, skuli fá greidda fulla desemberuppbót að upphæð 38.500 krónur. Með fullu starfi er miðað við tímabilið 1. janúar til 31. október. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á tilgreindu tímabili. Fyrir hvern mánuð í fullu starfi greiðist 1/10 hluti af fullri uppbót. Starfsmaður sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfellt í að minnsta kosti þrjá mánuði eða þrettán vikur á árinu skal fá greidda desemberuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall.

Starfsfólk á almennum vinnumarkaði

Samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði skal starfsmaður, sem verið hefur í fullu starfi allt árið í sama fyrirtæki og er við störf í fyrirtækinu í síðustu viku nóvember eða fyrstu viku desember, fá greidda desemberuppbót að upphæð 38.500 krónur eigi síðar en 15. desember. Starfsmaður í hlutastarfi, sem uppfyllir sömu skilyrði, skal fá greitt hlutfallslega og er miðað við almanaksárið sem uppgjörs-tímabil. Fullt starf í þessu sambandi telst vera 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Starfsfólk með skemmri starfstíma skal fá greitt hlutfallslega miðað við starfstíma sinn. Þá á starfsmaður, sem lætur af starfi á árinu vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfellt starf hjá sama vinnuveitanda á árinu, rétt á að fá, við starfslok, greidda desemberuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu.



Björn Snæbjörnsson,
formaður.

Björn kosinn varaformaður SGS

Kristján Gunnarsson, formaður Verkalyðs- og sjómannafélags Keflavíkur, var kjörinn formaður Starfsgreinasambands Íslands á ársfundinum sambandsins sem haldinn var um miðjan október sl. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, var kjörinn varaformaður.

Signý Jóhannesdóttir, formaður Verkalyðsfélagsins Vöku á Siglufirði, bauð sig fram gegn Kristjáni en fékk einungis rúm 35% atkvæða á móti rúmum 64% Kristjáns. Hún bauð sig einnig fram til varaformanns en í þeirri kosningu sigraði Björn Snæbjörnsson með rúmum 67% atkvæða.

Matthildur Sigurjónsdóttir, varaformaður Einingar-löju, var endurkjörin varamaður í framkvæmdastjórn Starfsgreinasambandsins.

www.ein.is
Nýtt veffang - ný netföng

Eining-löja hefur nú tekið upp nýtt og einfaldara veffang. Nýja veffangið er www.ein.is í stað www.eining-idja.is. Í samræmi við þetta breytast öll netföng starfsfólks Einingar-löju og hafa nú endinguna @ein.is í stað @eining-idja.is. Þetta er gert til einföldunar og hagræðis fyrir þá sem senda raðpóst til félagsins eða fara inn á heimasíðu þess. Eftir breytinguna eru netföng á aðalskrifstofu félagsins eftirfarandi:

Björn Snæbjörnsson	bjorn@ein.is
Brynja Skarphéðinsdóttir	brynja@ein.is
Margrét Einarsdóttir	margret@ein.is
Matthildur Sigurjónsdóttir	matty@ein.is
Sigrún Lárusdóttir	sigrun@ein.is
Þorsteinn E. Arnórsson	steini@ein.is



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.

Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálpar-
efni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla
þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og
vilja lifa á heilsusamlegan hátt.

Skýr



NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL



FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

Mjög góð mæting var á fundinn meðal félagsmanna og almennt séð var mikil ánægja með það sem þar kom fram.



Vel sóttur *kynningarfundur* um starfsmat

Fjögur starfsheiti lækkuðu, þrjú stóðu í stað og rúmlega 40 hækkuðu. Niðurstæða allra félaganna varð 2,7 til 4,67% hækkun, en Einingarlöja hækkaði um 5,14.

Kynningarfundur fyrir félagsmenn Einingar-löju, sem haldinn var fimmtudagskvöldið 25. nóvember sl. á niðurstöðum vinnu um starfsmat, var mjög vel sóttur. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, fór þar yfir helstu niðurstöður vinnu Starfsgreinasambandsins og starfsmannafélaga sveitarfélaga með Launafélagið sveitarfélaga við að tengja starfsmat, samkvæmt ákvæðum kjarasamnings sveitarfélaganna frá 2001, við launatöflu samningsaðila.

Björn sagði að starfsmatið hefði gefið miklu meira en hann átti von á, en verst þótti honum að starfsheiti, sem voru lægst, lækkuðu. Fram kom í máli hans að í samningnum frá 2001 var samið um 2 til 4% kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin, en ekki 2 til 4% á hvern einstakling. Gert var ráð fyrir að 1/3 starfsheita fengi hækkun, 1/3 stæði í stað og 1/3 myndi lækka. Enginn mun þó lækka í launum. Niðurstöður allra félaganna urðu 2,7 til 4,67% hækkun, en Einingarlöja hækkaði um 5,14%.

Björn sagði að um 680 félagsmenn Einingar-löju hefðu verið í matinu og að innan félagsins væru um 50 starfsheiti. Þar af lækkuðu fjögur, þrjú stóðu í stað og rúmlega 40 hækkuðu. Mesta lækkunin var fjórir launaflokkar eða 6,14% og minnsta lækkun var einn launaflokkur eða 1,50%. Minnsta hækkun var einn launaflokkur eða 1,50% og mesta hækkun var 15 launaflokkar eða 25,02%. Laun skv. hinu

nýja starfsmati verða ýmist greidd 15. desember eða 1. janúar nk. eftir því hvenær fólk fær útborgað. Leiðrétting aftur í tímann verður væntanlega ekki greidd fyrr en eftir áramót. Björn sagði að menn yrðu að vera þolinmóðir vegna þess að stutt væri síðan að launafulltrúar fengu gögnin í hendur og þyrftu tíma að vinna úr þeim en að allir myndu fá sitt að lokum.

Að fundi loknum voru nokkrir Einingar-löjufélagar spurðir álits á niðurstöðum vinnu um starfsmat og fara svör þeirra hér á eftir:

Ásdís Hreinsdóttir, Heimþjónustan

„Mér leist mjög vel á niðurstöðurnar, í raun var þetta mun betra en ég átti von á. Við getum ekki annað en verið mjög sáttar við þetta og þær sem ég hef talað við voru á sömu skoðun.

Fundurinn sjálfur var líka mjög góður að því leyti að allt kom mjög skýrt fram og allt var vel skiljanlegt.“



Ásdís Hreinsdóttir.

**Sæbjörn Jónsson,
Plast-iðjan Bjarg-
Iðjulundur**

„Þetta var að mörgu leyti ágætt. Þetta var reyndar ekkert sérstakt fyrir mig en allt er skárri en ekkert. Hækkunin yfir heildina var mjög góð en furðulegt fannst mér þó að þeir lægst launuðu skyldu lækka í launum.“



Sæbjörn Jónsson.

**Salbjörg Thorarensen,
skólaliði í Glerárskóla**

„Ég verð nú að viðurkenna að mér leist ekkert of vel á þetta fyrir mína starfsstétt. Við gerðum okkur engar vonir um miklar hækkanir en urðum samt fyrir vonbrigðum og erum ekki sáttar. Það voru margir sem fengu góða hækkun og eiga það örugglega skilið, en þarna sjáum við hvað ræstingastörfin, sem halda fyrirtækjum og öðru gangandi, eru lítils metin.“



Salbjörg Thorarensen.

**Jón Jakobsson,
Sambýlinu
Helgamagrastræti 28**

„Mér leist nú bara alveg ágætlega á þetta. Það voru margir sem reiknuðu ekki með neinum breytingum en hvað mig varðar er ég mjög sáttur. Verst var að þeir lægst launuðu fá ekki neitt, það er nú bara ekki nógu gott.“



Jón Jakobsson.

**Ásrún Karlsdóttir,
Dvalarheimilið Hlíð**

„Það er nú enn ekki ljóst hvar við lendum því við getum hækkað um fjóra launaflokka eða þá tíu. Hækkun um fjóra flokka er samt mikill ávinningur vegna þess að fáir reiknuðu með einhverri hækkun, en ef við fengjum tíu flokka hækkun þá væri það nú bara eins og að fá happdrættisvinning.“



Ásrún Karlsdóttir.

Fáðu meira fyrir launin þín! Launavernd

**Einn launareikningur
– allt innifalið!**

- Ef þú fellur frá eru erfingjum tryggð 70% launa í 7 ár.
- Þér eru tryggð 70% launa í 2 ár ef þú færð alvarlegan sjúkdóm.
- Auknar ráðstöfunartekjur við starfslok með 4% viðbótarlífeyrissparnaði.
- Eingreiðsla vegna alvarlegra veikinda barna.

* Landsbankinn er endursöluðili Swiss Life (UK) plc





Mæðgurnar Natasja og Nena, feðgarnir voru í nýju íbúðinni að standsetja hana.

Þann 24. mars 2003 komu 24 flóttamenn frá Króatíu til Íslands. Þeir höfðu flúið þaðan frá heimabæ sínum Otocac í ágúst 1995 yfir til Serbíu og verið í flóttamannabúðum þar í sjö og hálft ár, flestir við ömurleg skilyrði. Nena Marijan, sem nú vinnur hjá Brimi og er félagi í Einingu-löðu, er ein þessara flóttamanna. Hún og fjölskylda hennar, eiginmaðurinn Bozo og börnin tvö, Natasja sem er að verða 15 ára og Neso sem er ellefu ára, líkar mjög vel á Akureyri og hafa nýlega fest kaup á íbúð í Keilusiðu.

Blaðamaður Einingar-löjublaðsins leit við hjá Nenu og fékk við það tækifæri að smakka kaffi sem gert var á króatíska vísu. Dóttirin Natasja var heima og óhætt er að segja að þær mægður tala góða íslensku miðað við hve stutt er síðan þær komu til landsins. Feðgarnir Bozo og Neso voru ekki heima því þeir voru að standsetja íbúðina sem fjölskyldan var við að flytja í þegar viðtalið var tekið.

„Það er gott að vera búin að eignast sitt eigið heimili á ný og það er mjög gott að vera hér á Akureyri. Hér eru allir svo góðir og allir vilja hjálpa okkur. Þegar ég byrjaði að vinna fór enginn að hlæja ef ég skildi ekki hvað ég átti að gera. Svona er það ekki í Þýskalandi, Ítalíu eða í Austurríki þar sem ég hef dvalist. Þar er það þannig að ef einhver veit ekki eitthvað þá fer fólk bara að hlæja. Hér eru allir svo hjálpsamir og það er enginn sem fer að hlæja ef maður gerir eitthvað vitlaust eða skilur ekki eitthvað.“

Mikil breyting frá flóttamannabúðunum

„Það var mjög vel tekið á móti okkur þegar við komum hingað og mikil breyting frá því hvernig var í flóttamanna-

Flóttamenn

Hér eru allir svo hjálpsamir

búðunum sem við bjuggum í. Þar var engin vinna, engir peningar, engin föt, ekkert vatn, bara ekki neitt. Núna er allt betra og við erum meira að segja farin að hjálpa einu barni í Afríku með því að borga 2.000 krónur á mánuði. Þegar ég var flóttamaður fékk ég hjálp frá breskri konu svo ég veit hvað þetta skiptir miklu máli.“

Þegar hún er spurð um Einingu-löðu segir hún að í byrjun hafi allir fengið bækling frá Alþjóðastofu með ýmsum upplýsingum, meðal annars um Eining-löðu. „Við fengum einhverjar upplýsingar í byrjun en þær hefðu alveg mátt vera meiri. Nágranni okkar er mjög góður og hann hefur verið duglegur við að hjálpa okkur í ýmsum málum. Ef við skiljum ekki eitthvað, hefur hann komið og útskýrt fyrir okkur hvað við eigum að gera.“

Bók eftir fimm ár

Nena gerir mikið af því að yrkja og sagði að eftir fimm ár hafi hún hug á að skrifa bók á íslensku. „Ég vil tala góða íslensku og hef farið á námskeið, til dæmis var ég á íslensku-námskeiði í Menntasmiðjunni.“ Einnig hefur hún verið að mála myndir en undanfarið hefur lítill tími gefist til þeirrar iðju. „Fyrstu sex mánuðina eftir að ég fór að vinna vann ég í fjóra klukkutíma á dag en nú vinn ég allan daginn. Það er gaman að vinna hjá Brimi, þar er gott fólk og gott að vera.“

Fjölskyldan hefur svolítið gert af því að ferðast um næsta nágrenni við Akureyri. Meðal annars hefur verið farið á Dalvík, í Hrísey, á Ólafsfjörð og í Mývatnssveit og sagði Nena að lokum að maðurinn hennar vildi helst fara hringveginn næsta sumar.

Jól að hætti Filippseyinga

Filippseyingurinn Bethsaida Rún Arnarson, kölluð Beth, verður búin að eiga heima á Íslandi í 12 ár í janúar nk. Hún vinnur hjá Brimi og er félagi í Einingu-löðu. Einingar-löðublaðið leitaði til hennar og forvitnaðist um jólahald á hennar heimili. Hún var svo vinsamleg að deila með lesendum blaðsins uppskrift frá heimalandi sínu að rétti sem er vinsæll um jólin.

„Ég hef reynt að halda jólin með svipuðum hætti og heima hjá mér. Við höfum til dæmis haldið þeirri venju að safna saman 13 tegundum af kringlöttum ávöxtum og svo er einn borðaður á dag fyrstu 13 daga nýs árs. Það boðar gæfu. Við söfnum líka peningum, „klinki,“ í vasann á gamlárskvöld og svo þegar klukkan slær tölft þá hristum við það sem er í vasanum.“

Hvað matinn varðar þá segir hún að þó nokkur munur sé á venjum milli landanna. „Það er alltaf hlaðborð um jólin á Filippseyjum, ekki bara einn aðalréttur eins og venjan er hér á landi. Á Filippseyjum heilgrillum við oft lítið svín en það er ekki gert hér. Við höfum reyndar stundum keypt svínshaus og grillað í ofni, það er mjög gott. Þá erum við oft með ýmsa smárétti úr svínakjöti og grænmeti ásamt kínarúllum,“ sagði Beth.

Hún ákvað að deila með lesendum uppskrift að kínarúllum vegna lukku sem þær hafa vakið hjá þeim sem þær hafa bragðað. Deigið sem notað er í Kínarúllurnar fæst frosið í Heilsuhorninu, tilbúið, 40 stk. í pakka.

Kínarúllur

4-5 stk. gulrætur
5-6 stk. kartöflur
1 stk. laukur

1 stk. paprika

Þetta allt skal skera í smábita
500 g svínahakk
Hvítlaufsrf eftir smekk

Hitið smá olíu á pönnu og setjið síðan hvítlaufsrf og lauk þar í. Látið brúnast og bætið svo svínahakkinu úti og steikið vel. Þá skal setja gulrætur, kartöflur og papriku saman við.

Nota skal soya-sósu, salt, pipar og „season all“ til að krydda eftir smekk. Blandið öllu vel saman og látið kólna. Þá er best að sigta réttinn til að hann verði ekki og blautur þegar hann er settur í deigið. Gott er að bleyta endana á deiginu með smá vatni til að „líma“ það saman. Kínarúllurnar má frysta.

Verði ykkur að góðu.

Beth verður búin að eiga heima á Íslandi í 12 ár í janúar nk.



Veldu trausta framtíð

Lífeyrissparnaður Sparisjóðsins er hagkvæm sparnaðarleið til að tryggja tekjur eftirlaunaáranna. Þú getur valið á milli þriggja leiða Lífsváls eftir því sem þér hentar best.

Sýndu fyrirhyggju og mættu starfslokum brosandí.

Horfðu fram á við og njóttu stuðnings Sparisjóðsins til að ná settu markmiði.

Taktu ákvörðun núna - það er auðvelt að byrja.

Komdu í heimsókn í næsta Sparisjóð eða kaktu á www.spar.is.



Vináttuferð til Verkalyðs- félags Vestfirðinga

Verkalyðsfélags Vestfirðinga samþykkti á stofnfundi sínum að óska eftir vináttusambandi við Einingu-löju. Formenn félaganna á Vestfirðum höfðu komið í heimsókn og kynnt sér uppbyggingu félagsins áður



Hún er skrautleg rútan sem notuð var til að flytja ferðalangana á milli staða fyrir vestan.



Á leið til Þingeyrar var stoppað í Vestfirðagöngum og skoðað hvernig menn höfðu beislað vatnsflauminn sem ruddist fram þegar göngin voru gerð. Þar var þessi mynd tekin.



Stjórn Einingar-löju ásamt mökum en hópurinn fór í vináttuferð til Verkalyðsfélags Vestfirðinga.

en þeir sameinuðu félögin fyrir vestan. Seint á síðasta vetri kom svo bréf frá VerkVest þar sem stjórn Einingar-löju og mökum var boðið í heimsókn. Helgina 24. til 26. september sl. þáðu svo stjórnarmenn Einingar-löju og makar heimboðið.

Lagt var upp um hádegi 24. og ekið undir öruggri stjórn formannsins, en hann treysti engum til að keyra nema sjálfum sér. Komið var til Ísafjarðar um kl. 22. Það var tekið á móti hópnum á skrifstofu félagsins og framreiddar veitingar því menn voru orðnir svangir eftir langt ferðalag. Eftir góðar veitingar og spjall var haldið á Hótel Ísafjörð til gistingar og gott var að leggjast til hvílu eftir langa keyrslu.

Margt að skoða

Eftir morgunverð var gengið um safnahús þeirra Ísfirðinga undir leiðsögn safnvarðar, en safnið er í húsnaði gamla sjúkrahússins. Eftir að hafa skoðað safnið beið okkar skrautleg rúta og var þar mættur leiðsögumaður úr Bolungarvík ásamt stjórnarmönnum úr VerkVest. Farið var með okkur áleiðis til Þingeyrar en á leiðinni um göngin birtist okkur mikil ljósadýrð og voru þar ungmenni með kertaljós og veitingar sem menn nutu vel við fíðluundirleik tveggja ungra stúlkna. Okkur var sýnt hvernig menn höfðu beislað vatnsflauminn sem ruddist fram þegar göngin voru gerð og er það nú vatnsveita Ísfirðinga. Þetta var ekki neitt smá vatnsfall og hávaðinn eftir því. Þegar á Þingeyri kom skoðuðum við gamla smiðju sem enn er í gangi, það var mikil upplifun að sjá allar þessar gömlu vélar og heyra sögu smiðjunnar. Á bakaleiðinni var komið við á Flateyri þar sem við sáum hina miklu snjóflóðavarnagarða. Einnig var skoðað listagallerí þar sem meðal annars var mikið dúkkusafn frá mörgum löndum. Að endingu skoðuðum við það helsta á Ísafirði.

Loftaukandi jafnréttis-pumpa!

Kvöldverður var snæddur í Alþýðuhúsinu í boði VerkVest. Borinn var fram sérdeilis gömsætur matur og ekki skemmdu skemmtiatriðin kvöldið. Vináttubönd félaganna voru innsigluð með góðum gjöfum. Við gáfum Vestfirðingum bókina *Líf í Eyjafirði*. Þeir gáfu félaginu loftaukandi jafnréttis-pumpu sem átti að jafna loftþrýstinginn milli okkar og Þingeyinga en höfðu þó á orði að formaðurinn þyrfti ekki meira loft enda ættaður úr Þingeyjarsýslu. Einnig fékk félagið gullfallega mynd af Ísafirði. Að loknum kvöldverði var ball fram eftir nóttu. Tókst þessi skemmtun alveg geysilega vel.

Á sunnudaginn var haldið á stað heim eftir að við höfðum kvatt okkar frábæru gestgjafa. Næsta haust munu stjórnarmenn í VerkVest og makar þeirra koma norður í Eyjafjörð í heimsókn til okkar og munum við reyna að taka vel á móti þeim.



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



**Sjómannafélag
Eyjafjarðar**
www.sjoey.is



www.sib.is



VERKALYÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG
KEFLAVÍKUR
www.vstk.is



Krossanesi • S: 460 7200
www.laxa.is



KARTÖFLUSALAN

Fjölningötu 2b • 603 Akureyri
Sími 462 5800 • Fax 461 2571



HÚSASMÍÐJAN

Lónsbakka, 601 Akureyri
www.husasmidjan.is



ENDURVINNSLAN HF

Krossanesi 4, Pósthólf 4012, 104 Reykjavík
Sími 505 8522, Símalíni 505 0980
www.endurvinnslan.is



Skeljungur hf.

www.shell.is



Plastprent hf.

www.plastprent.is



www.eflinghf.is



HYRNA ehf

BYGGINGAVERKTAKI • TRÉSMÍÐJA

Dalsbraut 1 • 600 Akureyri
Sími 461 2603 • Fax 461 2604

Stál heildsala
Zinkhúðun
Stálmíði

Sandblástur & Málmhúðun

www.sandblastur.is

ISKRAFT

RAFIÐNADARVERSLUN

www.iskraft.is



VÉLA- & STÁLSMÍÐJAN
AKUREYRI

netto

Síminn

siminn.is



Hofdabakka 9 • Reykjavík • Sími: 563 8000
www.marel.is



www.kjoris.is



VEISLU- OG VEITINGAÞJÓNUSTA



sr@mar.is



Fiskmarkaður Dalvíkur ehf.

Sími 466 1140 • Fax 466 3114



Landsvirkjun

www.lv.is



NÓI SÍRÍUS

www.noi.is

VÉLATORG ehf

Dalsbraut 1, 600 Akureyri



Félög hársnyrtisveina
fht@rl.is



asprent@asprent.is



FREMRI kynningarþjónusta
Þórsstíg 4 • 600 Akureyri
fremri@fremri.is

Spurning blaðsins



Einingar-löjubleðið fékk nokkra félaga til að svara tveimur spurningum sem tengjast jólum. Sú fyrri fól í sér hvort menn væru fastheldnir á jólin, t.d. hvort menn borðuðu alltaf það sama og hvort jólaboðin væru alltaf þau sömu. Hin síðari á við jólin í ár og voru menn spurðir hvernig þeim fyndist að aðfangadagur væri á föstudegi og jólin því í raun einungis eins og löng helgi.

Guðrún Þorbjarnardóttir, Hvammur Hrísey



„Sjálfsgagt án þess að ég fæti það. Það er jú alltaf jólaboð hjá mömmu.“

„Það eina sem hægt er að segja er að þetta eru atvinnurekendajól og að það væri alveg vel þegið að fá aukafrídaga ef þeir væru í boði.“

Anna Bryndís Sigurðardóttir, Krummakot Eyjafjarðarsveit



„Já, ég verð nú að segja að ég er frekar fastheldin um jólin. Við förum alltaf í messu á aðfangadagskvöld og hvað matinn varðar þá var alltaf rjúpa á aðfangadagskvöld. Það breyttist reyndar þegar bannað var að skjóta hana, en það mun þó færaast í fyrra horf á næsta ári.“

„Það er ekki hægt að segja að um eiginlegt frí sé að ræða.

Þetta er bara eins og góð helgi, en það er lítið við því að gera.“

Kristinn Axel Sigurðarson, Rípill Ólafsfirði



„Nei, ekki get ég nú sagt að ég sé fastheldinn hvað jólin varðar. Það eru náttúrliga alltaf jólaboðin og svo reynir maður að nota tímann til að vera með fjölskyldunni.“

„Ég hef nú bara ekkert spáð í hvernig jólin eru í ár og er því ekkert að stressa mig á því.“

Þórey Aðalsteinsdóttir, Grenilundur Grenivík



„Ég er það. Númer eitt, tvö og þrjú hjá mér er lafabrauðið og allt í kringum það. Við erum alltaf með léttreykt kjöt á aðfangadag og þá annaðhvort svín eða lamb. Nú, svo er hangikjöt- ið alveg ómissandi á jóladag.“

„Þetta eru góð atvinnurekendajól en fyrir mig skiptir það engu því ég er í vaktavinnu. Reyndar mun ég fá mitt lengsta jólafrí nú í ár síðan ég byrjaði að vinna hérna.“

Snjólaug Rósmundsdóttir, Dalvíkurskóli



„Já, ég geri það. Maður byrjar alltaf á því að gera hreint og baka smákökur. Ég hef alltaf reykt svínakjöt í matinn á aðfangadag, bóg eða hrygg. Svo eru það jólaboðin, en við förum í jólaboð á aðfangadag, jóladag, gamlárskvöld og nýársdag.“

„Jólin eru nú frekar stutt í ár, en mér finnst alltaf jafn gaman þegar það eru jól. Þetta er mjög góð fjölskylduhátíð.“

Geir Óskarsson, Strýta Akureyri



„Já, ég er mjög fastheldinn á jólin og þá er ég bæði að tala um matinn og einnig varðandi jólaboðin. Á aðfangadag er alltaf lamb og á gamlárskvöld er svín.“

„Auðvitað er slæmt hvernig jólin í ár eru, frá föstudegi til sunnudags, en það er hugsanlegt að við munum standa uppi með það að vera í löngu jólafrí hér á þessum vinnustað. Þannig að þetta kemur kannski ekki til með að skipta miklu máli.“

Vilhjálmur Brynjarsson, Eimskip Akureyri



„Ég er fastheldinn hvað jólin varðar. Það er alltaf hamborgarhryggur í matinn á aðfangadagskvöld og svo fer maður alltaf í sömu jólaboðin.“

„Það er náttúrliga skelfilegt hvernig jólin í ár eru. Maður á að njóta jólanna, fá gott frí og slappa af, en það verður ekki mikið um það nú í ár.“

Sigrúður Tobíasdóttir, Kjarnafæði Akureyri

„Ég er mjög svo fastheldin hvað matinn varðar, fjölskylduboðin og helgihaldið.“

„Mér finnst jólin í ár heldur stutt hvað frí frá vinnu varðar en maður lætur sig hafa það. Helgihaldið er alltaf það sama, trúarlega séð.“



Garðar Vésteinsson, Dekkjahöllin Akureyri

„Ég er nú kannski ekki mjög fastheldinn en þetta er nú samt alltaf mjög svipað hjá manni.“

„Jú, ég rak nú augun í það á dagatali um daginn að jólin í ár eru bara löng helgi en ég hef nú ekki mikið velt þessu fyrir mér.“



Ómar Geirsson, BM Vallá Akureyri

„Ekki get ég nú sagt það, reyndar fer maður í sömu jólaboðin en það er misjafnt hvað er í matinn.“

„Ég hef nú bara ekkert pælt í því hvernig jólin eru í ár. Það skiptir engu máli enda er svo brjáláð að gera í vinnunni.“



Vetrarleiga orlofshúsanna

Þótt sumarið sé hinn hefðbundni orlofstími þá eiga margir einnig frí á öðrum tímum ársins. Þá eru fjölmargir sem kjósa að geyma eitthvað af sumarfríinu til haustsins eða vetrarins og fyrir þá er vert að benda á að félagsmönnum Einingar-löju standa til boða fjórir góðir valkostir í orlofsmálum utan hins hefðbundna orlofstíma. Hér er um að ræða dvöl í orlofshúsum á Illugastöðum í Fnjóskadal, Tjarnargerði í Eyjafjarðarsveit og Svignaskarði í Borgarfirði, auk þriggja orlofsíbúða félagsins í Reykjavík sem staðsettar eru í Ljósheimum. Haust- og vetrarleigan nær yfir tímabilið frá 15. september og stendur til 1. júní. Vikuleiga á Illugastöðum og í Tjarnargerði kostar kr. 12.000, en kr. 13.000 í Svignaskarði. Einnig er hægt að leigja húsin um helgar, allt að þrjár nætur. Kostnaður við það er kr. 7.000 á Illugastöðum og í Tjarnargerði, en kr. 8.000 í Svignaskarði. Nánari upplýsingar um vetrarleigu eru gefnar á skrifstofu Einingar-löju, Skipagötu 14 á Akureyri. Síminn er 460 3600 og netfangið: brynja@ein.is

Björn í miðstjórn ASÍ

Ársfundur ASÍ var haldinn í lok október sl., en á fundinum var Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, kosinn í miðstjórn ASÍ. Ekki komu fleiri tillögur um fulltrúa í miðstjórn til næstu tveggja ára en tillaga kjörnefndar og því var sjálfkjörið í stjórnina til næstu tveggja ára.

FISKVINNSLUFÓLK – FISKVERKENDUR

Mennt er máttur

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar býður upp á grunnnámskeið fyrir fiskverkafólk og starfsmenn fiskimjölsverksmiðja.

Um er að ræða 40 klst. námskeið um meðferð hráefnis, hreinlæti og gerlagróður, innra eftirlit, vinnslurásir og verkunaraðferðir, markaðsmál, vinnuvistfræði, öryggismál, kjaramál og mannleg samskipti.

Námskeiðið færir starfsmanni launahækkun og starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður.

Hafðu samband og kynntu þér málið.

Hafðu samband ef þú ert í fræðsluhugleiðingum



**Starfsfræðslunefnd
Fiskvinnslunnar**

Sjávarútvegsráðuneytinu Skúlagötu 4 150 Reykjavík
Sími 560 9670 Fax 562 1853 netfang hulda@hafro.is

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir sjávarútvegsráðuneytinu. Hlutverk hennar er að skipuleggja fræðslustarfsemi fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Nefndin er skipuð fulltrúum frá ráðuneytinu, Starfsgreinasambandi Íslands og samtökum atvinnurekenda.

Orlofsferð Einingar-löðu til Skandinavíu

31. maí – 10. júní 2004



Höfundur
ferðasögunnar,
Lára Einarsdóttir.

31. maí, annar í hvítasunnu

Ferðafélagarnir hittust í Leifsstöð fyrir hádegi nema bílstjórinn sem var farinn með rútuna sína í Norrænu til Danmerkur.

Verkfall var á flugvellið í Kastrup og illa gekk að fá farangurinn, aðeins örfáir voru við vinnu og unnu þeir hægt. Þarna var gífurleg mannmergð, en að lokum komumst við út í rútuna með allt okkar hafurtask, samtals 44 hræður á ýmsum aldri.

Nú var ekið sem leið lá til Svíþjóðar yfir Eyrarsundsbrúna, en er þangað var komið voru flestir veitingastaðir búnir að loka vegna hvítasunnunnar. Við komumst þó inn á MacDonalds-hamborgarastað og allir fengu eitthvað í sig. Síðan var ekið til Ängelholm og gisti á Erikslund Hotel. Menn drifu sig í koju eftir langan dag því flestir höfðu lagt af stað með rútu frá Akureyri kl. 5 um morguninn.

1. júní, þriðjudagur

Lagt af stað kl. 10 í blíðuveðri, sól og 20° hita. Ekið var um Smálöndin, stoppað um stund í Värnamo og borðað. Síðan var ekið áfram upp með Vättern og stoppað í Gränna. Það var mjög fallegt að aka meðfram vatninu og gott útsýni, en annars einkenndist dagurinn af skógi og hraðbraut. Við komum um síðir til Norrköping á Grand Hotel Elite. Farið var út að borða og rölt um bæinn sem er mjög fallegur. Það rennur á í gegnum bæinn, eins og svo víða, en þessi er virkjuð í miðbænum og eru þar fossar og flúðir og mikil mannvirki við ána. Yfir ána eru margar brýr og fallegar gönguleiðir meðfram henni.

2. júní, miðvikudagur

Vaknað var snemma, borðað og rölt um í Norrköping, en lagt af stað til Stokkhólms kl. 10. Þegar þangað var komið

var ekið niður á Gamla Stan, þar sem gengið var í kring um konungshöllina og rölt um þröngar götur gamla bæjarins. Þarna var margt að skoða en lítill tími og fékk bílstjórinn sekt fyrir að leggja ólöglega. Nú var haldið til ferjuhafnarinnar og farið þaðan um kl. 17 með Silja line, risaferju sem tekur 2.800 farþega. Það var stórkostlegt að sigla út í gegnum sænska skerjagarðinn og ekki hægt að slíta sig frá þeirri sjón.

Um kvöldið borðuðum við á Buffetinu, það var mikið hlaðborð og vín og bjór innifalið eins og hver vildi. Síðan var ráfað um skipið fram eftir kvöldi, en þarna voru barir, ballstaðir, spilavíti, sundlaug og ótal búðir. Það var rétt komið við í Ålandseyjum til að fara í kring um einhverja reglugerð svo hægt væri að selja tollfrjálsan varning. Til þess þurfti að koma við í höfn utan Evrópusambandsins og lengdi það siglinguna um eina og hálfa klukkustund. Um síðir var haldið í koju.

3. júní, fimmtudagur

Vaknað var snemma og farið upp á dekk og við horfðum á þegar ferjan sigldi inn til Helsinki. Við komum þangað um kl. 10 að finnskum tíma en hér var klukkan orðin þremur tímum á undan klukkunni heima. Allir skiluðu sér frá borði en einhver misskilningur var í gangi og týndust menn og fundust aftur en allt gekk þó upp að lokum. Farið var strax að skoða bæinn. Við fórum á markað á bryggjunni og dómkirkjan var skoðuð en hún er tákn borgarinnar, ákaflega falleg bygging. Síðan skoðuðum við Steinkirkjuna, Temppeli-ankia, en hún er höggvin inn í klett. Þetta er ein af athyglisverðustu byggingum í Helsinki, hönnuð af Timo og Tuomo Suomalainen árið 1967. Það var stórkostlegt að skoða þessa kirkju og verður eitt af því eftirminnilegasta úr ferðinni. Síðan skoðuðum við minnismerki Sibeliusar, sem er glæsilegt listaverk úr rörum, áður en við fórum aftur niður í miðbæ þar sem var borðað. Þaðan haldið á Hótel Sokos í Tapiola sem er úthverfi í Helsinki. Finniskir arkitektar fengu að móta borgarkjarna í samræmi við náttúru svæðisins og þykir hafa tekist vel og er Tapiola þekkt meðal arkitekta um allan heim. Þarna gistum við í þrjár nætur. Borðað var á hótelinu og rölt um stund úti í góða veðrinu. Allir voru þreyttir eftir langan dag.

4. júní, föstudagur

Farið var til Porvoo (Borgå), sem er finnsk miðaldaborg. Hér bjó skáldið Runeberg og hér átti Sigurbjörg, leiðsögumaður okkar, heima í 10 ár. Þetta er gamall bær með gömlum húsum frá tímum Hansakaupmanna og mikið af litlum listagalleríum. Rölt var um bæinn og verslað og borðað. Farið var til Tapiola og verið í rólegheitum um kvöldið.

Minnismerki í Helsinki
um Sibelius.



5. júní, laugardagur

Frídagur í Helsinki. Hluti hópsins eyddi deginum í rölegheitum í Tapiola en hinir fóru niður í miðbæ Helsinki með rútunni. Nokkrir fóru með ferju í dýragarðinn og við fórum með ferju út í Sveaborg. Það er 250 ára gamalt virki, byggt á sex hölmum úti fyrir Helsinki. Þetta eru merkustu byggingaminjar Finnlands og eru á heimsminjaskrá Unesco síðan 1991. (Svíar réðu yfir Finnlandi í upphafi byggðar í Sveaborg (1748) og voru þar varnir þeirra mót austri og á þeim tíma voru þar fleiri íbúar en í Helsinki. Árið 1808 réðust Rússar inn í Finnland og árin þar á eftir tilheyrðu Finnar Rússum og eru margar af byggingum í Sveaborg frá þeim tíma. Rússar réðu yfir Finnum næstu 110 árin. Mikil spjöll voru unnin á Sveaborg árið 1855 í Krímstríðinu þegar Englendingar og Frakkar skutu á hana frá hafi. Nú búa þar um 900 manns og árlega heimsækja um 600.000 manns eyjarnar.)

Það var mjög gaman að ganga um þessar gömlu rústir sem eru ótrúleg mannvirki. Við hefðum getað verið miklu lengur og slepptum því að skoða mörg söfn á svæðinu. Í kirkjunni var brúðkaup svo að við fengum ekki að fara þar inn. Við höldum nú til lands og hlupum inn í rússnesku kirkjunna, en þar var annað brúðkaup. Þessi kirkja er mjög glæsileg en ansi aðþrengd og nýtur sín ekki nógu vel.


6. júní, sunnudagur

Lagt var af stað frá Helsinki kl. 10 og ekið áleiðis til Turku (Åbå). Veðrið var jafn gott og áður, skýjað framan af en birti er leið á daginn og blés svolítið. Fyrsta stopp var í Fögruvík, gömlum herragarði. Þar voru reisulegar byggingar fyrir höfðingjana og síðan mörg lítil og falleg hús fyrir vinnufólkið. Hér var líka fallegur garður og rifu einhverjir sig á þyrnum við að komast út úr honum.

Næst var stoppað í Raseborg, sem eru gamlar kastalarústir sem byrjað var að byggja á 14. öld. Þetta eru stórkostlegar rústir sem gaman er að skoða. Hér var líka útileikhús starfrækt yfir sumarið og var æfing í gangi sem við horfðum á um stund. Næsta stopp var Ekenäs, þar röltum við um og fengum okkur að borða. Síðan var ekið til Turku, elstu borgar Finnlands. Hún var höfuðborg til 1812. Borgin virkaði frekar drungaleg með stórar og miklar steinbyggingar. Hún hefur brunnið margoft og því er lítið um gömul timburhús. Við röltum meðfram ánni Aura (Aurajoki) sem rennur í gegnum borgina. Nú var haldið um borð í ferjuna Isabellu frá Viking Line, sem lagði af stað kl. 21. Við sátum lengi úti og nutum útsýnsins og sáum sólsetrið í skerjagarðinum, en á þessari leið eru endalausar eyjar og sker og allt skógi vaxið. Kl. eitt var komið til Álandseyja og lent við Langes. Síðan tók við akstur til Maríuhafnar, þar sem við gistum í tvær nætur á Scandic Hotel. Við vorum komin í rúm kl. tvö eftir langan og erfiðan dag.

7. júní, mánudagur

Morgunninn var tekinn rólega, rölt í bæinn og næsta nágrenni skoðað. Hér er allt frekar rólegt og afslappað. Í bænum er töluð sænska og þar búa um 10.600 manns en í búa Álandseyja eru um 26.250. Kl. 14 var farið í skoðunarferð um eyjarnar. Fyrst var farið til Bormasunds, en þar eru



Rústir kastala frá 14. öld í Raseborg.

rústir mikils virkis sem Rússar notuðu um 2.000 fanga til að byggja fyrir sig. Þetta virki var jafnað við jörðu í Krímstríðinu árið 1854 af Frökkum og Englendingum.

Álandseyingar hafa mátt búa við yfirgang nágranna sinna í gegnum aldirnar en lúta nú yfirráðum Finna en hafa eigið þing og þjóðfána. Frá Bormasundi var haldið til Kastelholm en þar átti að skoða kastala, fangelsi og „Árbæjarsafn“ Álandseyja, en það var búið að loka þegar við mættum upp úr kl. 16. Þessi miðaldakastali var byggður á 14. öld og hafa margar konunglegar persónur dvalið hér (svo sem Gustaf Vasa. Erik XIV. var fangi hér). Eftir þessa fyluferð var haldið til Geta, lítills sveitaþorps, þar sem kirkjan var skoðuð. Hún er frá 15. öld, úr granitsteini, mjög falleg og forn. Síðan var ekið upp á Getaberg, sem er hæð upp á 90 metra sem telst hátt hér. Það var farið að rigna og lítið útsýni af hæðinni. En hér var hægt að fá veitingar og pissa, sem var vel þegið. Nú átti að halda áfram til Hamarland en þangað lá þá ekki vegur frá þeim stað sem við vorum á og var því snúið við og haldið til Maríuhafnar eftir óvenju marga útúrdúra að hætti Sveins bístjóra og tók hann aukarúnt á hringtorgi bæjarins er þangað var komið. Farið var inn á hótél og lúrt fram að kvöldmat.

Leitað að torgi í Turku.





Kinnarbændum fannst
kýrin á Gamla Stan í
Stokkhólmi vera afar sér-
kennileg.

8. júní, þriðjudagur

Rölt var um Maríuhöfn og við fórum á sjóminjasafn, en frá Maríuhöfn var um tíma gerður út stærsti seglskipafloti í heimi. Eftir hádegi var farið um borð í ferjuna Amorellu og siglt yfir til Stokkhólms, um það bil sex tíma sigling, margt var að sjá og mikil umferð. Flestir fengu sér vel að borða af hlaðborðinu. Frá Stokkhólmi var haldið beint til Nyköping á Hótel Park Inn. Þar tókst Sveini að aka rútunni upp á þak á verslunarmiðstöð fyrir aftan hótelið. Hótelstýran bað Guð að hjálpa sér og hafði ekki áður lent í slíkum hremmingum. Allt

fór þó vel og drifu menn sig í rúmið, nema einstaka nátt-
hrafni, því að framundan var strembinn dagur.

*Sveinn með sínu lagi
fer sveigi af ýmsu tagi
og hring eftir hring
með hliðarsving
hann hafnaði á þaki í Nyköping.*

9. júní, miðvikudagur

Lagt var af stað til „Köben“ kl 8:30 í sól og hita. Fyrsta „pissu-
stopp“ var í Mjölby, síðan var ekið sem leið liggur til Jönköp-
ing meðfram Vättern. Þar var stoppað um stund, verslað,
borðað og pissað. Þaðan var haldið til Halmstad og stoppað
um stund. Að lokum var haldið til Helsingborgar og þaðan
yfir til Helsingör með ferju. Einkenni dagsins voru tré og aft-
ur tré og ekkert eins. Við Vattern var þó töluvert útsýni og
eins við vesturströndina. Farið var til Kaupmannahafnar og
gisti á Clarion Hotel. Allir voru uppgefnir eftir daginn og ætl-
uðu flestir að borða á hótelinu og slappa af um kvöldið. Erf-
iðlega gekk að fá matinn og var lítið til en allir fengu þó eitt-
hvað í sig að lokum. Setið var um stund á barnum, en þetta
var síðasta kvöldið okkar saman.

10. júní, fimmtudagur

Ferðafélagar kvöddust að morgni dags, við Siddi urðum eft-
ir í Kaupmannahöfn en aðrir héldu heim með Ícelandair.

Lára Einarsdóttir.

Afsláttur í líkamsrækt og sund

Eins og undanfarin ár geta þeir félagsmenn í Einingu-
löju, sem áhuga hafa á að rækta heilsuna, fengið afslátt
af líkamsræktar- og sundlaugarkortum. Eftirtalin fyrirtæki
eru í samstarfi við félagið og veita afslátt:

Fullt verð		Einingar-löjufélagar
Líkamsræktarstöðin Bjargi		
Árskort	42.900 kr.	36.500 kr.
Hálft ár	31.000 kr.	23.000 kr.
Átak heilsurækt		
Árskort	36.900 kr.	29.900 kr.
Hálft ár	24.900 kr.	19.800 kr.
Sundlaugin á Þelamörk		
Tíu tíma kort	2.000 kr.	1.500 kr.

Mikil viðbrögð við auglýsingu um unglíngakaup

*Í haust birtu Eining-löja og Félag verslunar- og skrif-
stofufólks á Akureyri sameiginlega auglýsingu þar
sem unglingar voru hvattir til að kynna sér réttindi sín
varðandi kaup og kjör. Auglýsingin vakti mikil við-
brögð því fjölmargir unglingar og forráðamenn
þeirra höfðu samband við félögin og leituðu ráð-
gjafar.*

Af gefnu tilefni vill Eining-löja hvetja launþega til að skoða
launamál sín vel. Það virðist t.d. vera talsvert um að fólk sé
ráðið í vaktavinnu á jafnaðarkaupi, þótt engin vaktaskrá liggi
fyrir. Ef engin er vaktaskráin gilda einfaldlega reglur um dag-
vinnu og yfirvinnu. Ennfremur eru mörg dæmi um að samið
sé um svonefnd verktakalaun en þá er ekkert greitt í lífeyr-
issjóð, til stéttarfélags og annað. Í slíkum tilvikum verður
launþegi að huga að þeim þáttum sjálfur og það breytir
heildardæminu verulega.



Menntasmiðja unga fólksins:

1. Vorönn hefst um miðjan janúar 2005.

Alþjóðastofa:

1. Íslenskunámskeið fyrir útlendinga.
2. Ráðgjöf og þjónusta.

Endur- og símenntunarnámskeið.

*

Nánari upplýsingar í Menntasmiðjunni,

Glerárgötu 28, 3.hæð

sími: 462-7255

www.menntasmidjan.is

Impra nýsköpunarmiðstöð - í þína þjónustu

Vantar þig aðstoð við að:

- stofna fyrirtæki?
- hrinda hugmynd í framkvæmd?
- gera viðskiptaáætlun?
- leita fjármögnunar?

Ef svo er vill Impra nýsköpunarmiðstöð á löntæknistofnun vekja athygli þína á handleiðslu fyrir frumkvöðla.


Þjónustan stendur öllum til boða án kostnaðar. Handleiðsla getur hentað einstaklingum og fyrirtækjum í öllum starfsgreinum.

Nánari upplýsingar um handleiðslu og önnur stuðningsverkefni eru veittar hjá Impru nýsköpunarmiðstöð í síma **460 7970** og **570 7100**, eða á heimasíðu Impru á www.impra.is



impra nýsköpunarmiðstöð
löntæknistofnun
Glerárgötu 34 4h.
600 Akureyri
Sími 460 7970
Netfang: sigurdurs@iti.is

MEIRA KJÖT Á BEINUNUM



Norðlenka er eitt stærsta og öflugasta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði kjötvöru. Við bjóðum einungis upp á framúrskarandi gott íslenskt hráefni auk þess sem gæði í meðhöndlun og vinnslu eru ávallt í öndvegi.

Njóttu þess besta!

NORÐLENKA

- landsins gæði

Ævintýraferð um Austurland

Þriðjudaginn 10. ágúst var haldið í ferðalag með Einingu-löðu þar sem skoða átti Austurland. Ekki var veðurútlit gott því það var svartþoka. Veðurstofan hafði svo sem spáð þokulofthi við strendur norðan- og austanlands en við vonuðumst til að það myndi ekki rætast frekar en sumt annað frá Veðurstofunni.

Fyrsti dagurinn

Allir mættu í rútuna á réttum tíma í peysum og hlýjum fatnaði nema Páll Magnússon, hann mætti á stuttbuxum og bol og sagði að það myndi léttu til fljótlega.

Bílstjóri í ferðinni var Sveinn Sigurbjarnarson og bauð hann ferðalanga velkomna um borð í Maddý, en það heitir rútan. Bjessi var fararstjóri og leiðsögumaður var Inga Rósa Þórðardóttir. Sagði hún að það væri ekki mikill vandi að vera leiðsögumaður núna því það sæi ekki út fyrir veginn fyrir þoku. Ekið var af stað og haldið yfir Vaðlaheiði um Víkurskarð en þar var ekið upp úr þokunni og komið glaðasólskin, svo spáin hans Palla hafði gengið eftir, og þá fór að reyna meira á fararstjórnann. Inga Rósa sagði frá öllu sem fyrir augu bar, hvað fjöllin hétu og hvernig land hefði mótast. Fyrsta stoppið var í Selinu í Mývatnssveit, og notuðu þá margir tækifærið og fækkðu fötum því það var mjög heitt í rútunni. Jarðböðin í Mývatnssveit voru skoðuð og leist okkur mjög vel á þau. Eftir stuttan stans var ekið austur yfir Námaskarð og áfram austur en rétt áður en farið var yfir brúna á Jökulsá á Fjöllum var beygt út af veginum og ekið niður með ánni að sæluhúsi sem byggt var við fljótið. Húsið var reist um 1880 og er hlaðið úr grjóti. Var þarna ferjustaður yfir Jökulsá á Fjöllum til 1947 eða þar til brúin var byggð. Þarna var talinn vera mikill draugagangur en við urðum lítill vör við hann.

Næst var ekið að Möðrudal á Fjöllum en þar var stoppað svo hægt væri að fá sér eitthvað að borða. Ekki hafði hitinn minnkað, 26 stig og logn í Möðrudal. Er hægt að hafa það betra? Fjallasýn var að vísu ekki mikil en það grillti aðeins í drottningu íslenskra fjalla, Herðubreið, úti í hitamóðunni. Í

Möðrudal er búið að byggja upp fallega torfbæi og er þar rekin myndarleg ferðapjónusta.

Eftir hádegisstoppið var ekið áfram austur um Möðrudalsöræfi og komum við að rútu sem hafði sprungið á og gekk bílstjóranum eitthvað erfiðlega að skipta um dekkið, svo Sveinn bílstjóri sagði að hér yrðu að fara fram björgunaraðgerðir og hjálpaði hann bílstjóranum að skipta um dekk, en aðrir fóru út í móa og tíndu fjallagrös sem nóg var af. Áfram var haldið og næst skoðuðum við heljarinnar grjótgarð sem kallast Skessugarður og er um 5 metrar á hæð, gerður úr tröllauknum björgum. Upp á hann klifu flestir og munaði ekki mikið um það.

Þá var stoppað í Sænautaseli. Þar nutum við leiðsagnar Eyþórs Guðmundssonar sem hafði búið þar í æsku hjá foreldrum sínum og sagði hann okkur margt um búskap þess tíma. Þarna er hægt að fá kaffi og lummur en það var allt fullt svo við höldum bara áfram för okkar inn Jökuldalsheiðina inn með Ánavatni og komum niður af heiðinni við bæinn Brú á Jökuldal. Farið var yfir ána Jöklu og gerður stuttur stans þar, bæði til að fá sér svolítið í svanginn og eins til að skoða Jöklu og gamlan kláf sem lá yfir ána við hliðina á brúnni. En áfram varð að halda og nú var ekið niður Jökuldal fram hjá kirkjustaðnum Eiríksstöðum og fleiri merkilegum stöðum sem Inga Rósa og Sveinn bílstjóri sögðu okkur frá allt þar til ekið var að skólahúsinu í Fellabæ, þar sem gist var næstu nætur.

Þar tóku á móti okkur tvö ungmenni sem sáu um rekstur gistipjónustu í skólahúsinu. Það var gengið snemma til náða þetta kvöld enda margir orðnir þreyttir eftir ferðalag dagsins.

Annar dagurinn

Um morguninn kom Sveinn bílstjóri inn í matsal og sagði að það væri 20 stiga hiti og sól í Loðmundarfirði en þangað skyldi haldið. „Nú, hann er bara vaknaður kappinn,“ sagði Palli Magg, sem hafði séð Svein sofandi við runnana utan við skólann, en hann hafði lagst þar til svefns í blíðunni kvöldið áður.

Allir voru tilbúnir á réttum tíma og ekið var af stað fram hjá Eiðum, út Þing og fórum við fram hjá litlu húsi í grösugum hvammi er heitir Kjarvalsstaðir, en þar átti Jóhannes Kjarval listmálari sumarbústað. Inga Rósa sagði stanslaust frá öllu sem fyrir augu bar, frá jarðfræðimyndun á svæðinu, fornsögnum og fleiru og fleiru. Hún var alveg hafsþór af fróðleik. Gerður var stuttur stans við krossinn í Njarðvíkurskriðum, en venja er að vegfarendur geri þar bæn sína áður en lengra er haldið. Síðan var haldið áfram til Bakkagerðis eða Borgarfjarðar-eystri og stoppað við Álfastein. Sumir litu þar inn en aðrir löbðu niður í kaupúnið og skoðuðu kirkjuna og altaristöfluna sem Kjarval málaði og gamla, fallega torfbæinn sem er svo vel við haldið.

Nestisstopp var við félagsheimilið. Ekki var veðrið amalegt, 20 til 25 stiga hiti og logn. Það þurftu margir að skreppa í Kaupfélagið og fá sér ís. Svo var brunað af stað fram sveitina. Dyrkjöllin blöstu við, há og tignarleg. Stoppað var við

Leiðsögumenn vilja dimma þoku í upphafi ferðar:

Morgunsól á himni hló sem hefjamikill ostur. Ingu Rósu þótti þó þokan betri kostur.

Skreytinn er Björn (segir Inga Rósa):

Víst sig Gosi vara má, virðist einn hér betri. Nú er Bimi nefið á næstum hálfur metri.

Flestir klifruðu upp á Skessugarð, fimm metra háan grjótgarð búinn til úr tröllauknum björgum.



bæinn Grund og tekinn farþegi um borð. Það var bóndi sem búið hafði í Loðmundarfirði og var hann aðstoðarmaður Ingu Rósu. Ekið var upp úr Borgarfirðinum og yfir í Húsavík um Húsavíkurheiði, fram hjá fallegu fjalli sem heitir Hvítserkur. Þar var gert myndastopp og ég held að allir hafi myndað fjallið, enda fagurt og litadýrð þess mikil, en áfram var haldið eftir hlykkjóttum vegi niður hliðina og svo blasti Húsavíkin við, falleg með snarbröttum fjöllum. Þarna var ferðamannaskáli og þar stoppaði Sveinn og benti okkur á veginn til Loðmundarfjarðar sem hlykkjaðist upp snarbratta hliðina og sagði: „Þetta hefur aldrei verið farið á svona stórum bíl svo þið eruð tilraunadýr og ég bið um traustsyfirlýsingu, viljið þið koma með?“ Það var klappað. Sveinn brá sér í kuldagallann og skreið undir bílinn til þess að hleypa lofti úr hjólbörðunum, þetta þurfti að vera eins og hjá „jeppaköllunum“ en við vorum á 50 manna rútu. Flestir tindust inn í rútna og haldið var af stað upp brattann.

Ekki hafði verið ekið lengi þegar komið var að svo krappri beygju að rútan náði henni ekki og það þurfti að bakka í beygjunni. Það get ég svarið að ég (og sjálfsagt fleiri) fóru með byrjunina á *Faðir vorinu* þarna en það varð aldrei nema byrjunin því Sveinn var fljótur að bjarga þessu. Áfram sílaðist rútan og ef eitthvað heyrðist í farþegunum þá leit Sveinn aftur í og brosti svo ég sá fljótlega að það mátti treysta þessum manni 150 prósent. Þegar upp var komið var gert myndastopp. Útsýni var mikið en hitamóða lá yfir. Við sáum inn í mynni Seyðisfjarðar og fjöllin sunnanmegin í Loðmundarfirði. Ekki skánaði vegurinn, hlykkjóttur og mjór en það var ekkert að óttast, Sveinn var við stýrið. Þegar niður var komið komum við að ársprænu sem hafði verið brúuð en beygjan var svo kröpp inn á brúna að það þurfti að bakka og vesenast með rútna. Allir löbbuðu yfir brúna og horfðu svo á „þessa elsku“ skriða yfir. Áfram var haldið alveg inn að Klyppstaðakirkju sem var skoðuð ásamt næsta nágrenni. Sumum þótti gott að komast í lækinn því hitinn var mikill og ekki bærðist hár á höfði.

Síðan var haldið að bænum Stakkahlíð þar sem við fengum okkur kaffi og nýbakaðar vöflur með rjóma. Þarna voru ungir drengir að selja listaverk, vatnslitamyndir, sem þeir höfðu málað og ágóðinn rann til viðhalds Klyppstaðakirkju. Eftir gott kaffistopp var haldið áfram og lagði Björn til að við myndum syngja nokkur lög og fyrr er varði vorum við kominn aftur niður að ferðamannaskálanum í Húsavík. Þar var gerður örlítill stans rétt til að teygja úr sér og svo var haldið áfram og átti að fara út að kirkjunni í Húsavík. Vegurinn var þröngur og drullupyttir voru í honum, Og viti menn! Allt í einu sökk rútan í einn pyttinn og sat föst. Sumum leist ekki á aðstæðurnar en Sveinn sagði að þetta væri nú ekki mikið mál, tæki bara svolitinn tíma. Fór hann í kuldagallann, skreið undir bílinn og fór að tjakka hann upp en aðrir fóru að bera grjót og mól til að koma undir hjól bílsins. Enn aðrir fóru í göngutúr út að Húsavíkurkirkju. Við vorum svo heppin að þarna kom bíll sem hægt var að nota til að draga rútna. Bíllinn dró og fólkíð ýtti á og viti menn, rútan losnaði úr drullupyttinum. Nú var snúið við og haldið til baka yfir Húsavíkurheiði og til Bakkagerðis. Þar var gerður stuttur stans til að fara á klósett en síðan var brunað á fullri ferð til Fellabæjar, því að það átti að grilla um kvöldið. Sveinn bílstjóri þakkaði



„Maddy“ sökk í einn drullupyttanna sem var á þröngum veginum en eftir miklar aðgerðir losnaði hún að lokum.



Stoppað var við krossinn í Njarðvíkurskriðum en venja er að vegfarendur geri þar bæn sína áður en lengra er haldið.

að fyrir samveruna og sagði að annar bílstjóri kæmi til okkar næsta dag því hann hefði verið búinn að lofa að keyra einhverja ráðherra frá Norðurlöndunum. Klappað var fyrir Sveini og honum þakkaður aksturinn.

Þriðji dagurinn

Morguninn eftir voru allir snemma á fótum, fengu sér morgunverð og biðu spenntir eftir að sjá nýja bílstjóran, því nú skyldi haldið upp að Kárahnjúkum. Veðrið var sem fyrr logn og sólskin og um 25 gráðu hiti. Bíllinn renndi í hlað á tilsettum tíma og bílstjórinn var ungur maður að nafni Sigurbjörn.

Haldið var af stað og farið fram Fljótsdalinn. Inga Rósa sagði frá öllu sem fyrir augu bar sem fyrr. Snæfellið blasti við fyrir dalbotninum, mjög fallegt frá þessu sjónarhorni.

Fyrsta stopp var í Végarði þar sem Landsvirkjun hefur sett upp sýningu fyrir ferðamenn og þar sáum við myndband um fyrirhugaðar framkvæmdir og líkan af landsvæðinu þar sem stíflurnar verða.

Síðan var haldið upp á Fljótsdalsheiðina upp með Bessa- staðagili og ekið áfram inn heiðina. Björn sagði að sá sem fyrstur sæi hreindýr fengi auka blað til að þurrka af sér svitann því hitinn var alveg að drepa menn. Skömmu síðar kom

Fjallabíllinn:

Í þaki opnast golugöt er geysist áfram truckur. Af konum okkar fjúka fót og fletjast niður hrukur.

Svenni ætlar að taka ráðherraakstur fram yfir okkur:

Þótt baki mig sólin og brenni ég bráðlega fyrirgef henni en roðnar mín kinn af reiði er finn að ráðherrasleikja er Svenni.



Það er ekki farið í hópferð nema tekin sé hópmynd. Hér er hópurinn í Hrafnkelsdal.

hreinýrahjörð í ljós; um það bil 100 dýr, en þau voru í talsverðri fjarlægð svo þau sáu ekki vel. Snæfellið blasti við enda hæsta fjall á Íslandi utan jökla og er 1833 metrar yfir sjó.

Þegar komið var upp að virkjunarsvæðinu var farið út á útsýnisplanið sem hefur verið útbúið fyrir ferðamenn, en ekki sást mikið af framkvæmdunum en þó sást aðeins niður í gilið sem Jökla rennur um. Mikið var í ánni, en þó hafði sigið í henni frá því daginn áður.

Vegna mikilla vatnavaxta undanfarna daga var umferð ekki hleypt yfir brúna sem búið er að byggja þarna fyrir neðan. Við urðum að fara aftur sömu leið til baka, fara útaf veginum og aka vegarstöða sem liggur niður í Hrafnkelsdal. Allbratt var niður af Fljótssalsheiðinni niður í dalinn. Er komið var niður í dalinn var gert hádegisverðarstopp. Einnig var fólki stillt upp til myndatöku, því þarna var kominn maður sem tók myndir á allar myndavélarnar sem voru með í túrnunum. Þetta tók svo langan tíma að menn voru hræddir um að það liði yfir einhverja af því að standa svona lengi kyrrir í þessum hita. En brátt var haldið af stað aftur og ekið á vaði yfir ána Hrafnkelu rétt innan við Aðalból, en þar var stoppað á veitingastað sem þarna er rekinn. Gott var að komast í eitthvað kalt að drekka og voru ýmsum veigum gerð góð skil. En áfram var haldið niður Hrafnkelsdal og farið yfir Jöklu á brúnni þar sem stoppað var fyrsta daginn síðan var haldið upp að Kárahnjúkum aftur, bara norðan við Jöklu.

Ekki var nú vegurinn góður, frekar leiðinlegur malarvegur alveg upp að virkjunarsvæðinu en við stoppuðum ekki þar heldur héldum áfram og keyrðum eftir stíg sem var varla bílum bjóðandi, lítið annað en urð og grjót upp að fossi sem er í Kringilsá og heitir Töfrafoss eða Kringilsárfoss. Gengið var niður að fossinum og hann myndaður því þessi foss mun að öllum líkindum hverfa þegar Háslón verður orðið fullt af vatni. Svolítið kaffistopp var og síðan haldið til baka því talsvert var liðið á daginn og farið hafði mun lengri tími í ferðalagið en ráð var fyrir gert vegna þess að brúin var lokuð um morguninn. En nú skyldi athugað hvort við fengjum ekki að fara yfir brúna sem og varð og stytta það heimferðina allverulega. Gerður var stuttur stans og þessi fræga brú mynduð. Vatnið náði upp undir brúargólfið og þó hafði lækkað verulega í ánni frá því daginn áður. Var nú sama leið ekin til baka niður í Fljótssdalinn, en aðeins var komið við í Atlavíkinni á leiðinni í Fellabæ.

Fjórði dagurinn

Síðasti dagurinn var runninn upp. Brottför var ákveðin um kl. 9:00 og að sjálfsögðu voru allir tilbúnir og ekki þurfti að biða eftir neinum. Sigurbjörn bílstjóri var mættur svo það var hægt að hlaða öllu dótinu í bílinn. Hitinn var heldur minni en undanfarið og var það að sumu leyti gott. Ekið var út Jökulsárhlíð og fram hjá Fossvöllum en þar var sláturhús sveitarinnar. Fallegur foss er í hlíðinni ofan við bæinn og þarna var fyrrum samkomustaður sveitarinnar. Brátt var farið fram hjá Svartaskógi, en þar er rekin myndarleg ferðabjónusta, og svo fram hjá Sleðbrjótakirkju. Inga Rósa sagði frá Þerriklöppinni og Múlahöfn, sem er gömul verstöð, og eru þarna utar í hlíðinni.

Nú var ekið upp á Hellisheiði, margar krappar beygjur og svo var gerður stuttur stans þegar upp kom til að taka myndir yfir Héraðssandinn. Þarna sást vel þar sem Jökulsá á Brú og Lagarfljót sameinuðust og féllu til sjávar. Bratt var niður af Hellisheiðinni að norðanverðu og niður í Böðvarsdal en þetta hafðist allt saman og næsta stopp var við Gljúfursá gegnt Vopnafirði. Þar var gert smá stopp, gengið að fallegum fossi sem var neðan við veginn og heitir Neðrifoss og klöppin neðan við fossinn heitir Skæluhlöpp. Gert var svolítið stopp til að fara á klósett á Vopnafirði en þar myndaðist sú lengsta biðröð á klósett sem menn höfðu séð enda aðeins eitt klósett í sjoppunni. En þetta hafðist nú allt saman og enginn fór blautur í bílinn. En nú var haldið af stað yfir Sandvíkurheiði til Bakkafjarðar. Þar var tekinn smá hringur um þorpið og síðan haldið áfram fram hjá Skeggjastaðarkirkju og áfram út Langanesströnd. Hádegisverðarstopp var svo í Miðfirði.

Eftir það var haldið áfram yfir Brekknaheiði til Þórshafnar. Þar var gerður stuttur stans til að fólk gæti aðeins kíkt í Kaupfélagið og skoðað vöruúrvalið. Sumir komu við í „mjólkurbúðinni“ og fengu sér bauk því það var heitt í veðri. Aðrir létu sér nægja kaldavatnið á þvottaplaninu. Áfram var haldið fyrir Þistilfjörðinn framhjá Gunnarsstöðum og Svalbarðskirkju, yfir Öxarfjarðarheiði og niður í Öxarfjörð. Þangað er ekki hægt að koma nema koma aðeins við í Ásbyrgi og þar var gerður stuttur stans og labbað inn að Botnstjörn. Áfram var haldið út Kelduhverfi og fyrir Tjörnes en rétt áður en við komum til Húsavíkur fékk Björn þá snilldarhugmynd að gaman væri að fara upp á Húsavíkurfjall og það varð úr, upp fór allur hópurinn á 50 manna rútu. Þarna var haft smá kaffistopp og sumir tóku myndir, en skyggni var ekki nógu gott vegna hitamisturs. Niður var haldið og þá var beitt sömu aðferð og þegar farið var frá Loðmundarfirði niður í Húsavík (eystri), það var sungið. Gerður var stuttur stans við Shell-skálann á Húsavík til að fá sér ís og virða fyrir sér fjallið sem við höfðum klifið svo léttilega. „Sjáið þið tindinn, þarna fór ég, fjöllunum ungur“ og svo framvegis. En áfram varð að halda, keyrt var inn Aðaldal og Köldukinn, fram hjá Ljósavatni og yfir Víkurskarðið til Akureyrar.

Var nú góðu ferðalagi lokið.

Takk fyrir okkur.

Kveðja, Anna Guðrún og Magnús

Kárahnjúkakynning:

Kaffi fæst á könnu heitt sem kunna menn að torga. Okkur kostar ekki neitt - Ísland þarf að torga.

Áning:

Við Aðalból er laug og lín og lóðin græn og slegin. Þar pissað var í postulín og pipulögnin þvegin.

Nýr bílstjóri reynist ekki alvondur...:

Nokkuð klár er Nýi-Sveinn og nýtir sér að vonum. Virðist koma vegur beinn hann vikur strax af honum.

Alþjóðastofan

-kynningarkvöld í desember

Á þriðju hæð í Glerárgötu 28 er skrifstofa Alþjóðastofunnar til húsa, en stofan er rekin af Akureyrarbæ og er þjónustumiðstöð fyrir fólk af erlendum uppruna sem býr á Akureyri og nágrenni.

Guðrún Blöndal verkefnisstjóri sagði í samtali við Einingar-löjblaðið að starfsfólk Alþjóðastofunnar væri málsvári út-lendinga og að stofan væri vettvangur fyrir málefni þeirra. „Ég er verkefnisstjóri Alþjóðastofunnar og eini starfsmaður hennar. Starfið er fjölbreytt en snýst að mestu um að hjálpa þeim sem hingað flytja að aðlagast íslensku samfélagi. Eitt helsta verkefnið er íslenskukennsla, en Alþjóðastofan er eina stofnunin á Norðausturlandi sem býður uppá slíka kennslu fyrir útlinga. Í vetur hafa verið 5 námskeið í gangi í einu og til að mynda hafa um 100 manns sótt hér námskeið frá því í september.“

Alþjóðastofa veitir einnig almenna fræðslu og vinnur að ýmsum réttindamálum. „Hingað kemur fólk í leit að upplýsingum og ráðgjöf um skólamál, félagslega þjónustu, skattamál, tryggingar, heilbrigðisþjónustu, dvalar- og atvinnuleyfi svo eitthvað sé nefnt. Það má segja að ég sé í því að beina fólki á rétta staði og aðstoða það við að læra á kerfið og þekkja réttarstöðu sína í samfélaginu. Alþjóðastofan miðlar einnig tülkum og þýðendum fyrir einstaklinga og stofnanir eftir þörfum, til þess að starfsmenn stofnana geti sinnt upp-lýsingaskyldu sinni eins og þeim ber.“

Kynningarkvöld

Í desember verða haldin kynningarkvöld á vegum Alþjóðastofu og Einingar-löju fyrir fólk af erlendum uppruna. Þetta er í fyrsta sinn sem Eining-löja og Alþjóðastofa taka hönd-um saman, en á þessum kvöldum er ætlunin að ræða um vinnu- og skyld-ur, með aðstoð tülks. „Við munum fara vel í hluti sem varða atvinnu- og dvalarleyfi og réttindi fólks á vinnu- markaði,“ sagði Guðrún.

Guðrún vildi að lokum koma því á framfæri að skrifstofan væri opin frá klukkan 8 til 12. „Á þeim tíma er hægt að koma eða hringja í síma 462 7255. Einnig er hægt að senda á mig tölvupóst á netfangið astofan@akureyri.is.“

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, segir að það sé nauðsynlegt að vera í góðu samstarfi við Alþjóðastofu og að þetta sé aðeins byrjunin á meira samstarfi. „Það eru mjög margir í félaginu af erlendum uppruna og það er sífellt að færast í aukana að þeir séu að leita til okkar með ýmis mál-efni. Því var ákveðið að halda þessi kynningarkvöld nú í des-ember sem vonandi munu reynast vel,“ segir Björn.



*Guðrún Blöndal.
Alþjóðastofan er til húsa
á 3. hæð Glerárgötu 28.*

Akureyri intercultural centre

-a promotional evening in December

The second floor of Glerárgata 28 is where you will find the office of Akureyri intercultural centre. The centre is operated by Akureyri Municipality as a service centre for people of foreign origin who live in Akureyri and neighbourhood.



*Guðrún Blöndal.
Akureyri intercultural centre is
located on the second floor at
Glerárgata 28.*

Guðrún Blöndal, project manager, said in a conversation with the Eining-löja Magazine that the staff of the centre represented citizens from abroad and that the centre was a venue for issues that related to them. "I am the pro-

ject manager of the centre and its only staff member. The work is of varied character and is mostly concerned with helping those who move here to adapt to Icelandic society. One of the main issues is the teaching of Icelandic as the intercultural centre is the only establishment in North-east Iceland that offers this kind of training to foreigners. This winter there have been 5 concurrent courses in Icelandic and about 100 individuals have attended courses here since September".

The intercultural centre also provides general education and works at various matters concerning the rights of individuals. "People come here to seek advice and information in connection with school, social services, taxation, insurance, health services, stay and work permits, to mention a few things. You could say that it is my task to direct people to the right places and assist them in learning how to deal with the system and recognise their rights in the community. The

intercultural centre also provides assistance in finding interpreters and translators for individuals or institutions as required, in order that the personnel of institutions can adequately fulfil their obligations to provide information."

Promotional evening

Dagsferð í Flatey á Skjálfanda

Dagsferð aldraðra Einingar-löjufélaga sumarið 2004 var farin í Flatey á Skjálfanda þann 14. ágúst. Það var rjómalíða og ekki hægt að vera heppnari með veður.

Við sem fórum frá Akureyri lögðum í hann kl. 8.00 um morguninn á tveimur rútum til Dalvíkur þar sem allir fóru um borð í Sæfara. Alls voru um 90 manns í ferðinni og var siglt út fjörðinn og inn á Skjálfandann. Það var þvílíka blíðan og enginn sjóveikur, þó hefði einhver getað fengið illt í magann því starfsfólkið var svo duglegt að troða súkkulaði í menn. Það var dýrðlegt að sjá alla firðina á leiðinni.

Þegar til Flateyar var komið var fólk drifið í land og fengu allir vel útlátinn matarbakka frá Lostæti með alls konar „gúmmulaði“. Menn settust niður við gömul hús með bakkana á hnjónum og kaffi á eftir. Síðan var frjálst tími í eyjunni, menn röltu um og skoðuðu kirkjuna og annan húsakost á staðnum. Sumu er svo vel við haldið að það gæti verið nýtt. Gengið var að vitanum og fóru allir upp í hann, hvort sem þeir gátu það eða ekki, en margar hendur voru til hjálpar.

Hrísey á heimleiðinni

Eftir alllangt stopp var haldið frá eyjunni. Sæfari var alveg að festast í botni og ef nokkrar mínútur hefðu liðið í viðbót þá hefði hann ekki komist strax frá landi. Síðan var siglt til Hríseyjar og fengið kaffi og meðlæti í Sæborg, félagsheimili þeirra Hríseyinga. Starfsfólk Brekku sá um veitingarnar og voru þeim gerð góð skil.

Að lokum var siglt til Dalvíkur þar sem leiðir skildu. Flestir fóru þó aftur í rúturnar og var haldið heim til Akureyrar.



Fagurt er um að litast í Flatey á Skjálfanda.



Allir um borð! Nokkrum mínútum síðar hefði Sæfari ekki komist frá landi í bráð.

Kynntu þér námsstyrkina!

Á veturna bjóða skólar landsins oft upp á fjölmörg lengri og styttri námskeið fyrir félagsmenn Einingar-löju og eru möguleikarnir nánast ótæmandi.

Við hvetjum þá félagsmenn sem hyggjast sækja námskeið í vetur til að kanna rétt sinn á einstaklingsstyrkjum í gegnum Landsmennt. Félagsmaður í fullu starfi á kost á allt að 35.000 króna styrk alls en fær þó aldrei meira en 75% af heildarkostnaði við hvert námskeið.

Nánari upplýsingar um styrkina fást hjá Brynju á skrifstofu Einingar-löju. Síminn er 460 3600 og netfangið: Brynja@ein.is

Launahækkun um áramót

Vert er að vekja athygli á því að laun félagsmanna Einingar-löju eiga að hækka um áramótin, en hækkunin er þó mismikil eftir því hvaða samning er um að ræða.

Félagsmenn sem fá greitt samkvæmt samningi launafélagar sveitarfélaga eiga að fá hækkun sem nemur 1,75%, en sá samningur fellur úr gildi 30. apríl 2005.

Þeir sem fá greitt samkvæmt samningi við ríkisvaldið hækka um 3%, en það er sama hækkun og hjá þeim sem eru á hinum almenna vinnumarkaði samkvæmt samningum Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands.

„Ég get gert svo að segja allt sem mig langar til“

Auður Guðjónsdóttir er fædd á Tunguhálsi í Skaga-firði á fyrri helmingi síðustu aldar. Hún fluttist vorið 1953 til Akureyrar og hefur átt þar heima síðan. Hún hóf störf hjá Útgerðarfélaginu 1965 og starfaði þar í 35 ár þar til hún hætti um sjötugt, en alla tíð var hún með þeim hæstu í bónus. Auður starfaði í ein 17 ár sem trúnaðarmaður fyrir Einingu, sat í trúnaðarráði félagsins, sótti þing fyrir hönd þess og fleira.

„Ég á sjö börn og fór út á vinnumarkaðinn þegar yngsta barnið mitt var tveggja ára. Að haustlagi 1965 var auglýst eftir fólki til vinnu frá 20 til 23 á kvöldin hjá Útgerðarfélagi Akureyrar. Þá komu margar konur til vinnu og þar á meðal ég. Þetta var nú bara vinna í stuttan tíma en ég réð mig í vinnu hjá ÚA eftir hádegi eftir þessa kvöldvinnu og urðu árin mín þar 35. Ég hætti störfum þar um mánaðamótin maí - júní 2000, þegar ég átti eftir rúman mánuð í sjötugt.

Þegar ég hóf störf hjá ÚA gekk ég strax í verkalyðsfélagið Einingu og að nokkrum tíma liðnum var ég kosin trúnaðarmaður á vinnustaðnum af vinnufélögum mínum og vann sem trúnaðarmaður í 17 ár. Ég reyndi að sinna trúnaðarstörfunum eftir bestu getu við að leysa ágreiningsefni sem upp komu á fundum með yfirmönnum okkar, oftast verkstjórum. Ef okkur tókst ekki að leysa málin gat ég fengið hjálp frá verkalyðsfélaginu. Ég held að það fylgi bónusvinnu að oft

kemur upp mikill ágreiningur af ýmsu tagi. Að vera trúnaðarmaður á stórum vinnustað er margþætt og vandasamt starf.“

Ánægjulegur tími

„Ég fór að vera í trúnaðarráði félagsins eftir að ég var kosin trúnaðarmaður og mætti þar á fundi til að leggja góðum málum lið fyrir okkur verkafólk. Ég fór á Alþýðusambands- og Verkamannasambandsþing, man ekki hvort þau voru tvö eða þrjú, og satt að segja var ég ekkert hrifin af þeim samfundum. Einnig fór ég oft til Reykjavíkur á bónussamninga-fundi.

Í október 1980 fór ég í tvær vikur í félagsmálaskóla alþýðu í Ölfusborgum og aftur í mars '81, á aðra önn. Það var mjög gagnlegt og skemmtilegt. Hvað þessi störf mín fyrir Einingu varðar þá var mjög ánægjulegt að vera í þessu. Þetta var skemmtileg tilbreyting og auðvitað reyndi maður sitt besta til að koma góðum málum að og framfylgja þeim.“

Ótrúlegar breytingar

Auður segir að ekki sé hægt að bera starfsaðstöðuna saman frá því hún hóf störf á ÚA og þar til hún lét af störfum. „Fyrstu árin unnum við þrjár saman á borði í hópþónuskerfi, þá fengum við sama bónus sem unnum saman. Síðar var settur á einstaklingsbónus, eftir að settar voru vinnslulínur í húsið. Búið var að skipta um línur nokkrum sinnum og var ýmist hópþónus eða einstaklingsbónus í húsinu. En sú vinnslulína sem sett var upp síðast, áður en ég hætti, var mjög góð. Það var svo gott að vinna við hana, hún var mjög tæknivædd og ótrúlega fullkomin.

Síðustu árin var ég í hálf dagsstörfum frá sex eða sjö á morgnana til hádegis. Oft var byrjað klukkan sex ef mikið hráefni barst að landi. Við sem unnum í fullu starfi komum oft þreytt heim á kvöldin er búið var að vinna til ellefu á kvöldin frá því sjö á morgnana, stundum fjögur kvöld í viku, við að bjarga verðmætum fyrir þjóðarbúið.“

Situr ekki auðum höndum

Auður segist vera mjög heilsuhraust og að hún hafi haft nóg að gera síðan hún hætti að vinna. „Það voru afskaplega mikil viðbrigði að hætta að vinna. Ég hef svo dásamlega góða heilsu og hefði því getað unnið lengur, en sem betur fer þá gat ég haldið það út að vera með góð afköst. Mér þótti mjög vænt um það að geta skilað mínu alveg til starfsloka. Ég hef alltaf notið þess að vinna og allt sem ég tek að mér reyni ég að sinna eftir bestu getu. Ég vildi að allir hugsuðu um að gera ávallt sitt besta, sama hvaða starf unnið er. Það á ekki aðeins að hugsa um sinn hag heldur reyna að vinna að alúð að öllu því sem manni er trúað fyrir.“

*Auður Guðjónsdóttir:
„Allt sem ég tek að mér
reyni ég að sinna eftir
bestu getu“.*



Konur



- svona var þetta 1950!

1. Hafðu kvöldmatinn tilbúinn á réttum tíma. Það veitir honum þá tilfinningu að þú hafir verið að hugsa um hann og að þér sé annt um þarfir hans. Flestir karlmenn eru svangir þegar þeir koma heim og tilbúinn matur er hluti af því að láta hann finna hversu velkominn hann er heim, en það er karlmönnum nauðsynlegt.
2. Notaðu 15 mínútur til að snyrta þig og skipta um fót áður en hann kemur. Hann er að koma heim úr leiðinlegri og erfiðri vinnu og er þreyttur. Vertu svolítið hress og skemmtileg til að hressa hann við.
3. Taktu upp allt rusl og dót. Farðu eina umferð um húsið og safnaðu saman skólabókum, leikföngum, pappírsrusli og blöðum. Renndu svo tusku yfir borðin til að þurrka af og þrifa svolítið. Eiginmanni þínum mun finnast hann kominn í friðarparadís og það hefur mikið að segja fyrir hann.
4. Snyrtu börnin til. Það tekur aðeins nokkrar mínútur að þrifa hendur og andlit og greiða þeim. Ef þarf, skaltu láta þau skipta um fót. Þau eru fjársjóður hans og hann vill sjá þau þannig.
5. Sjáðu til þess að húsið sé hljóðlætt. Slökktu á öllum vélum, s.s. uppvottavél, þvottavél og ryksugu. Reyndu að sjá til þess að börnin hafi hljótt. Taktu á móti honum með glöðu brosi.
6. Gættu þess að hella ekki yfir hann kvörtunum þegar hann kemur. Ekki heldur kvarta þó hann komi of seint í matinn. Þú getur verið viss um að þínar kvartanir eru minniháttar í samanburði við það sem hann hefur þurft að þola yfir daginn.



„Notaðu 15 mínútur til að snyrta þig og skipta um fót áður en hann kemur...“
Myndin er tekin í Húsmæðraskólanum í Reykjavík árið 1950.

7. Sjáðu til þess að hann hafi það þægilegt. Láttu hann halla sér aftur á bak í hægindastól eða stingdu upp á því að hann halli sér smástund í rúmið. Vertu tilbúin með kaldan eða heitan drykk handa honum. Bjóddu honum að klæða hann úr skónum og hagræddu púðunum undir honum. Ræddu við hann með rólegri, mjúkri röddu. Leyfðu honum að slaka á.

8. Láttu hann ráða kvöldinu. Ekki kvarta þó hann fari ekki með þig út að borða eða á aðrar skemmtanir, reyndu í stað þess að skilja að hann hefur fengið sinn skerf af streitu og látum yfir daginn og þarfnast hvíldar heima.

9. Markmiðið er að gera heimilið að stað þar sem eiginmaður þinn getur fundið frið og reglu og getur slakað á eftir erfiðan dag.

Þessar reglur eru teknar úr kennslubók í heimilisfræði síðan 1950, en í dag er 2004 og reglurnar eiga því ekki lengur við!



Orlofsferðir næsta sumar

Að venju býður Eining-löja félagsmönnum sínum upp á þrjár orlofsferðir næsta sumar og er greint nánar frá þeim hér á eftir.

Færeyjar

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á ferð til Færeyja 2. til 9. júní 2005, ef næg þátttaka fæst. Lágmarksfjöldi er 30 manns en hámarksfjöldi 56.

Farið verður með Norrænu frá Seyðisfirði, en á ferjunni er gist í fjögurra manna klefum. Búið verður í Rúnavík allan tímann og gist í tveggja manna herbergjum á Sjómannaheimilinu. Helstu viðkomustaðir verða eftirfarandi og raðast



eftir veðri og vindum: Þórs höfn, Kirkjubær og nágrenni, Kollafjörður, Saksun, Tjörnuvík, Gjogv og Funningsfjörður, Skálafjörður, Toftir, Skáli og Fuglafjörður.

Norðureyjarnar: s.s. Leirvík, sigling yfir Leirvíkurfjörðinn með bílferju, Klakksvík, Norð-Depill, Hvannasund, Viðareiði og Konuey.

Vogar: s.s. Sandavogur, Sörvogur og Miðvogur ásamt Vestmanna og Kvívík. Ekið verður um neðansjávargöng undir Vestmannasundið.

Auk þess sem upp er talið verður komið við mun víðar og margt forvitnilegt skoðað.

Verðið er 69.000 krónur fyrir manninn.

Innifalið í verðinu: Ferðir Akureyri-Seyðisfjörður-Akureyri. Ferjusiglingin, allur akstur, gisting og morgunverður í Færeyjum.

Ekki innifalið: Aðgangseyrir að stöðum sem skoðaðir verða. Fæði annað en morgunverður.

Óafturkræft staðfestingargjald er 5.000 krónur.

Leiðsögumaður verður með í för. Bílstjóri verður Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.

Óbyggðir Suðausturlands

Fjögurra daga síðsumarsferð verður farin 9. til 12. ágúst 2005 til óbyggða Suðausturlands, ef næg þátttaka fæst, að hámarki þó 40 manns.

Farið verður á fyrsta degi í Stafafell í Lóni og gist þar allar næturnar.

Á öðrum degi verða Lón og Lónsöræfi skoðuð, farið um Kjarðalsheiði og hugsanlega Illakamb.

Á ætíðun þriðja dags er Lónsfjörður, Papaós, Stokksnes og Hoffellsjökull.

Síðasta daginn verður haldið til Djúpavogs. Sigling í Papey, ef veður leyfir. Síðan ekið sem leið liggur heim.

Bílstjóri, eins og venjulega, verður Sveinn Sigurbjarnarson.

Ferðin kostar 17.000 krónur á mann.

Innifalinn er allur akstur, gisting í Stafafelli í Lóni, leiðsögn, ásamt kvöldverði eitt kvöld (grill). Að öðru leyti verður fólk að sjá sér fyrir mat og drykk.

Óafturkræft staðfestingargjald er 3.000 krónur.

Ferð fyrir aldraða félagsmenn

Eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-löjufélaga verður farin laugardaginn 20. ágúst 2005 út á Flateyjarðal. Á heimleiðinni verður komið við á Grenivík og drukkið kaffi.

Ferðin kostar 3.000 krónur á mann.

Allar nánari upplýsingar um ferðatilhögun og skráning í ferðirnar verður á skrifstofu félagsins, Skipagötu 14 Akureyri, sími 460-3600 frá 4. janúar 2005.



www.vis.is



Innilegar jóla- og nýárskveðjur



www.vis.is

Rúmlega 95% vita fyrir hvað félagið stendur

- er niðurstaða könnunar Gallup fyrir Einingu-löju

Dagana 21. október til 7. nóvember sl. stóð Gallup fyrir könnun á því fyrir hvað Eining-löja stendur í hugum fólks. Um símakönnun var að ræða og tekið var 1.000 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá, af fólki á aldrinum 16 til 75 ára búsettu á Akureyri og nágrenni. Endanlegt úrtak var 954 og svarhlutfall 61,8%.

„Óhætt er að segja að þetta séu mun betri niðurstöður en ég þorði að vona,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, en af þeim sem afstöðu tóku voru 76% aðspurðra jákvæðir í garð félagsins. 18,8% svöruðu hvorki né og aðeins 5,2% svöruðu því til að þeir væru neikvæðir gagnvart félaginu. „Það þarf að hafa í huga að könnunin var ekki bundin við félagsmenn og því tel ég þessi 5,2% vera hverfandi tölu,“ segir Björn.

Vel yfir meðaltali

Ef þessi niðurstaða er borin saman við ímyndarmælingar sem IMG Gallup gerði á tímabilinu september 2003 til ágúst 2004, kemur í ljós að Eining-löja er vel yfir meðaltali. Þessi niðurstaða gefur félaginu töluna 4 en meðaltalið er 3,6. Hæsta gildi sem komið hefur út úr slíkri könnun er 4,5 en 2,6 sú lægsta.

Þegar spurningin: *Hvað dettur þér í hug þegar þú heyrir minnst á Einingu-löju?* var borin upp, þá kom í ljós að rúmlega 95% þeirra sem svara vita fyrir hvað félagið stendur og nefndu verkalyðs- eða stéttarfélag, eða eitthvað sem tengist slíkum félögum.

Konurnar betur að sér


53,9% aðspurðra sögðust vita í hverju starfsemi Einingar-löju væri fölginn en 46,1% taldi sig þekkja illa til starfseminnar.




ar. Mun fleiri karlmenn en konur eru samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar illa að sér um starfsemina. Eftir því sem menn verða eldri þá virðast þeir vita meira um félagið og þeir sem búa utan Akureyrar vita minna en þeir sem á Akureyri búa.

Mjög góð útkoma

„Þetta er mjög góð útkoma fyrir okkur og greinilegt að það sem við höfum haft fram að færa hefur skilað sér bæði til félagsmanna sem og almennings. Eitt af hlutverkum okkar er einmitt að koma á framfæri hvað er að gerast í félaginu,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju.



Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart Einingu-löju?



Hversu vel eða illa þekkir þú starfsemi Einingar-löju?

Breyttir tímar

Þorsteinn Jónatansson starfaði áratugum saman á skrifstofu verkalyðsfélaganna og síðar á skrifstofu Einingar. Þorsteinn er vestan af Mýrum en kom til Akureyrar til að fara í menntaskóla og fór aldrei til baka. Hann er hafsjór af fróðleik og þegar haft var samband við hann var hann tilbúinn til að deila einhverju af honum með lesendum blaðsins. „Það væri nú kannski hvað æskilegast til þess að þetta hefði eitthvert gildi að ég myndi fjalla um upphaf á skrifstofurekstri félaganna, jafnframt því sem ég læt sjálfs míns eitthvað getið.“

„Það var árið 1944 að fyrst var farið að ræða um það hjá fulltrúaráði verkalyðsfélaganna að það væri nauðsyn að félögin sameinuðust um að opna skrifstofu vegna starfsemi þeirra. Fram til þess sáu stjórnir félaganna um öll málefni þeirra og þá einkum formaður og gjaldkeri. Félagsgjöldin

voru föst krónutala og oft þurfti gjaldkerinn að hlaupa út um allan bæ til að sinna innheimtustörfum. Þetta var alveg feiknamikil vinna sem á þessum mönnum lenti; helgi eftir helgi og kvöld eftir kvöld stóðu þeir í þessu streði.

Það var því fyrir rétt um 60 árum að farið var að ræða um að setja á fót einhvern skrifstofurekstur og þá talað um að hafa opna skrifstofu í tvo klukkutíma á dag. Þar fyrir utan þurfti starfsmaðurinn að hafa samband við ýmsa þannig að vinnudagurinn varð í rauninni miklu lengri.“

Skrifstofa opnuð

Þann 18. mars 1945 var svo samþykkt að opna skrifstofu sem átti að vera opin fjóra tíma á dag. Fyrsti starfsmaður skrifstofunnar var skáldið og rithöfundurinn Rósberg G. Snædal og gegndi hann þar starfi frá vori '45 til loka september '46. „Þá voru mikil vandkvæði á að fá menn til að gegna þessu starfi þar sem um var að ræða hlutastarf og hending var að menn gætu fengið annað starf til að sinna samhliða því. Þess vegna héldust menn í fyrstu ekki lengi í starfinu. Næsti starfsmaður var Jón Ingimarsson, formaður lðju, sem starfaði frá árinu 1946 fram á árið 1947, en þá var Björn Jónsson ráðinn skrifstofumaður og gegndi hann starfinu að mestu fram til ársins 1948.“

Þorsteinn skýtur því inn í að á tímabilinu þegar Björn gegndi starfinu þá hafi hann sjálfur komið þar nokkuð við sögu. „Björn stundaði eftir því sem hann gat verkamannavinnu meðfram skrifstofustörfunum og því fékk hann mig stundum til að hlaupa í skarðið fyrir sig.“

Kjarasamningur fyrir verkamenn í tunniverksmiðjunni

Það fyrsta sem Þorsteinn kom að var undirbúningur að stofnun Alþýðusamband Norðurlands sem stofnað var í maí 1947 og framkvæmd stofnþingsins. Einnig var honum falið að gera kjarasamning fyrir verkamenn sem unnu við tunniverksmiðjuna á Akureyri. „Ég verð nú að segja að mig óaði nokkuð við að taka það að mér í fyrstu. Ég var þá 21 árs að aldri og hafði ekki mikla reynslu að störfum að verkalyðsmálum en svo fór að ég gerði þetta í fjarveru Björns Jónssonar og í gegnum síma þá tókst okkur Má Einarssyni, sem þá var framkvæmdastjóri Tunniverksmiðja ríkisins, að ganga frá samningum. Ég var feiminn við þetta verkefni, kannski ekki síst vegna þess að Návudeilan fræga snerist einmitt um kaup og kjör í þessari sömu tunniverksmiðju og deilan var enn í fersku minni manna á Akureyri. Björn sagði mér að ég skyldi ekki vera feiminn við þetta, ég yrði bara að sjá til þess að ekki yrði gerður lakari samningur hér en búið var að gera á Siglufirði. Raunin varð að sjálfsgöðu sú að sá samningur var hafður til hliðsjónar og allir undu sæmilega við sitt.“

Þorsteinn segir að eftir þetta hafi komið nokkurt hlé í störfum hans fyrir félagið vegna þess að Björn lét af skrifstofumennskunni, „en fimm árum síðar tók Björn aftur við. Hann stundaði einnig verkamannavinnu í fyrstu og tók síðan við

Þorsteinn Jónatansson.



ritstjórn Verkamannsins þannig að hann hafði ærin störf með höndum og þannig fór að ég tók fljótlega til starfa í umboði hans á skrifstofu verkalyðsfélaganna. Ég vann í hálfu starfi frá 1953 til ársins 1959 er Jón Ingimarsson tók aftur við starfi á skrifstofunni. Ég var þá orðinn ritstjóri Verkamannsins, en við því starfi hafði ég tekið af Birni er hann var kjörinn á þing 1956.“

Mikið starf

Á árunum 1959 til 1962 segir Þorsteinn að miklar breytingar hafi orðið á starfseminni; fyrst og fremst vegna þess að til þess tíma höfðu félögin ekki haft nein fjárráð til að greiða laun starfsmanns. Félagsgjöldin voru ákveðin krónutala og voru þau mjög lág. Það var reynt að krefsa saman til að borga starfsmanni með því að halda dansleiki, hlutaveltur og aðra fjáröflunarstarfsemi en það gekk misjafnlega.

„Það sakar ekki að skjóta því hér inní hvernig launakjör þessara starfsmanna sem ég hef getið voruð ákvörðuð. Tímakaupið var haft nokkrum árum lægra en almennt tímakaup verkamanna og réttlætt með því að það fylgdi því mikið minna fataslit að sitja inni á skrifstofu en að vera í verkamannastarfi. Ég hygg að það hafi verið 1959 eða 1960 sem það kemur fyrst í samninga að félagsgjöldunum er breytt í að vera ákveðin hlutfallstala af launum. Við þetta

hækkuðu tekjur félaganna mjög og þau urðu fær um að greiða þokkaleg laun fyrir þau störf sem þarna voru unnin.“

Árið 1969 kom Þorsteinn aftur til starfa á skrifstofunni, fyrst lausráðinn í forföllum en svo fastráðinn frá 5. ágúst 1970, og starfaði þá samfleytt til haustsins 1985. Eftir það starfaði hann í hlutastarfi um þriggja eða fjögurra ára skeið að því að safna saman upplýsingum sem gætu orðið til notkunar við ritun sögu félaganna og þá einkum Verkalýðsfélagsins Einingar og fyrirrennara þess. „Þetta var mikið starf og þó ég hafi látið af því starfi fyrir all löngu þá hef ég allt til þessa dundað við þetta smávegis. Nú þykist ég vera búinn að ná saman miklum upplýsingum, bókakosti og ritverkum sem að gagni megi verða ef til þess kemur síðar að saga félaganna hér verði rituð og ennfremur til þess að hægt sé að fletta upp í þessu og finna upplýsingar sem einhverjir þurfa á að halda.“

Gríðarlegar breytingar

Þorsteinn segir að frá því hann tók fyrst til starfa fyrir félögin og til dagsins í dag hafi orðið alveg gríðarlegar breytingar.



Við Tunnuverksmiðjuna á Akureyri 1960.





ar. „Það er raunar aðdúunarvert þegar maður hugsar til þess hvað ýmsir lögðu mikið á sig og fengu aldrei grænan eyri greiddan fyrir, hver-su mikil sem störfín voru. Þetta upphaf á skrifstofurekstri sem ég lýsti hér á undan er fyrsta byrjun á því að það sé eitthvað farið að greiða fyrir það sem menn voru að vinna fyrir félögin. Það var reyndar í mjög takmörkuðum mæli alveg þangað til eftir 1960, en þá fer að verða veruleg breyting þar á. Eftir það hefur smám saman verið þróun í þá átt að nánast öll störf, sem vinna þarf fyrir félögin, eru unnin á skrifstofunum. Segja má að þetta sé bæði kostur og galli. Það er kostur fyrir félagsmenn að ekki sé verið að kalla á þá til að vinna svo og svo mikið starf fyrir lítið eða ekkert endurgjald, en dregur líka úr heilbrigðum félagsþroska, vil ég segja, og samstarfi félagsmanna innbyrðis. Samhygð þeirra verður miklu minni en áður var, nú þegar þeir geta treyst á það að launaðir starfsmenn sinni flestu því sem sinna þarf. Fundir voru áður að minnsta kosti einu sinni í mánuði í félögunum yfir vetrartímann, stundum oft og af og til yfir sumarið. Í dag eru félagsfundir ekki svipur hjá sjón, bara aðalfundir og kannski einn eða tveir fundir þar fyrir utan á árinu. Félagsmennirnir hafa því almennt ekki tækifæri til að láta til sín taka en þeir hafa þó enn það vald í höndum að þeir geta steypt stjórni ef þeim sýnist hún reynast mjög illa og velja styrkari stjórn. En þá kemur það upp að þeir þekkja orðið minna til um það hverjir séu færir og fánlegir til að hlaupa í skarðið ef stjórn er rutt til hliðar. Því miður er hægt að segja þetta um flesta félagsstarfssemi í landinu, það gerir bæði það að fólk miðar almennt við

og hefur sem betur fer flest vinnu að staðaldri árið um kring og svo hitt að það er svo miklu fleira sem glepur og tekur tíma frá fólki; tíma sem það er ekki í vinnunni. Það var gaman að fara út og hitta vini og kunningja, en núna gerir það

varla nokkur maður. Það eru allir að horfa á sjónvarpið. Þetta hefur haft ákaflega miklar breytingar í för með sér.“

Annars konar átök

Þorsteinn segist enn fylgjast nokkuð vel með þessum málum, „enda er þetta orðið nokkuð gróíð við mann eftir langan tíma í þessu. Mér er ekki alveg sama hvernig kaupin gerast á eyrinni og finnst allt miklu óráðnara síðustu árin en það hefur löngum verið og mikið vegna þess að það eru annars konar átök í þjóðfélaginu en voru. Það er komið þannig að maður þekkir ekki af tali manna hvar þeir standa í pólitík. Viðhorfin á milli flokka eru orðin svo svipuð. Það eru ekki lengur andstæðar fylkingar sem togast á heldur eru það miklu frekar efnahagslegar fylkingar og stórfyrirtæki sem eru mikið að taka völdin í landinu frá Alþingi og ríkisstjórn. Það er mikil hætta á að þetta geti komið niður á verkalyðshreyfingunni ekki síður en öðrum. Hún þarf að halda vöku sinni, ekki síst vegna þess að ekki liggur jafnljóst fyrir og áður var hverjir eru vinir og hverjir ekki.“

Þorsteinn segir að starfið fyrir verkalyðsfélögin hafi oft verið erfitt og reynt á taugarnar, en ánægjulegt þegar vel gekk. „Á síðara starfstímabili mínu hafði ég líka alltaf ágæta samstarfsmenn. Ber þá einkum að nefna Guðjón Jónsson, Jón Helgason og Sigrúnu Lárusdóttur, en fleiri góðir samstarfsmenn komu einnig við sögu. Þegar ég byrjaði að gegna störfum fyrir félögin var að sjálfsögðu ómetanlegt að njóta leiðsagnar slíks afburðamanns sem Björn Jónsson var.“

Verkfallsátök

Þorsteinn segir að eftirminnilegast frá störfum sínum sé þó frá vorinu 1955 þegar hér stóð yfir langt og hart verkfall sem honum var falið að stjórna. „Það gerðist ýmislegt sérstakt og oft skemmtilegt þann mánuð sem verkfallið stóð yfir. Þann tíma vöktum við dag og nótt við verkfallsvörslu úti hjá Lónsbrú og einnig var verkfallsvarsla stunduð víða um bæinn. Þetta var erfiður tími en hann var ánægjulegur þegar upp var staðið, því það náðust góðir samningar eftir langa og stranga baráttu,“ sagði Þorsteinn Jónatansson að lokum.

Gæðlegar jóla og nýárskvæðjur

SJÓVÁLMENNAR

Strandgötu 3 • 600 Akureyri
Sími 460 6464



BAUTINN
AKUREYRI

Hafnarstræti 92
Sími 462 1818

la Vita e Bella
RISTORANTE



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



Steinarnir stóru



Dag einn var sérfræðingur í tímaskipulagningu að halda fyrirlestur fyrir hóp viðskiptafræðinema. Til að koma boðskap sínum almennilega á framfæri við þennan hóp af ungu, metnaðarfullu fólki beitti hann sýnikennslu:

„Jæja, þá skulum við hafa próf,“ sagði hann.

Hann tók upp 5 lítra krukku með víðu opi og setti hana á borðið fyrir framan sig. Svo tók hann um það bil 10 hnefa-stóra steina og kom þeim varfærnislega fyrir í krukkunni, einum af öðrum. Þegar krukkan var full og ekki hægt að koma fleiri steinum í hana spurði hann:

„Er krukkan full?“

Og hópurinn svaraði í einum kór:

„Já.“

„Jæja?“ sagði hann.

Hann teygði sig undir borðið og tók upp fötu með mól. Því næst sturtaði hann smá mól í krukkuna og hristi hana um leið sem gerði það að verkum að mölin komst niður í holrúmin á milli stóru steinanna.

Svo spurði hann hópinn aftur:

„Er krukkan full?“

Í þetta sinn grunaði nemandi hvern hann var að fara.

„Sennilega ekki,“ svaraði einn þeirra.

„Gott!“ svaraði sérfræðingurinn.

Hann teygði sig undir borðið og tók upp fötu af sandi. Hann hellti úr henni í krukkuna og sandurinn rann í öll holrúmin sem eftir voru milli malarinnar og stóru steinanna. Og enn spurði hann:

„Er krukkan full?“

„Nei!“ svöruðu nemendurnir í einum kór.

Aftur svaraði hann: „Gott!“

Hann tók því næst könnu af vatni og hellti í krukkuna þar til hún var alveg full. Svo leit hann á bekkinn og spurði:

„Hver er tilgangurinn með þessari sýnikennslu?“

Einn uppveðraður nemandi rétti upp höndina og sagði: „Tilgangurinn er að sýna, að það er sama hversu þéttskipuð dagskráin hjá þér er, ef þú virkilega reynir, þá geturðu alltaf bætt fleiri atriðum á hana!“

„Nei,“ svaraði sérfræðingurinn.

„Það er ekki það sem þetta snýst um. Sannleikurinn sem þessi sýnikennsla færir okkur er þessi: Ef þú setur ekki stóru steinana í fyrst, þá kemurðu þeim aldrei fyrir.“

Hverjir eru STÓRU STEINARNIR í lífi þínu?

Börnir þín?

Fólkið sem þú elskar?

Menntunir þín?

Draumarnir þínir?

Eitthvert verðugt málefni?

Það að kenna eða leiðbeina öðrum?

Gera það sem þér þykir skemmtilegt?

Tími fyrir sjálfa(n) þig?

Heilsa þín?

Maki þinn? ...

Mundu að setja STÓRU STEINANA í fyrst ellegar þú munt aldrei koma þeim fyrir.

Ef þú veltir þér upp úr litlu hlutunum (mölin, sandurinn, vatnið) þá fyllirðu líf þitt með litlum hlutum sem skipta í raun ekki máli.

Þá munt þú aldrei hafa þann tíma sem þú vilt og þarft til að eyða í stóru, mikilvægu hlutina í lífi þínu (stóru steinarnir).

Sem sagt: Í kvöld eða í fyrramálið þegar þú hugsar um þessa stuttu sögu, spurðu þig þá þessarar spurningar:

„Hverjir eru STÓRU STEINARNIR í lífi mínu?“

Settu þá svo í krukkuna Á UNÐAN ÖLLU ÖÐRU.




Eining-Íðja

*sendir félagsmönnum sínum bestu óskir um
gleðileg jól og farsælt komandi ár,
með þökk fyrir samskiptin á árinu
sem er að líða.*



Verðlaunakrossgáta

Gerður er skýr greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum. Höfundur krossgátunnar er Bragi V. Bergmann. Lausnarseðill er á næstu síðu.



Hvert fóru aldraðir Einingar-löjufélagar í dagsferð þann 14. ágúst 2004?

1. () Í Flatey á Skjálfanda
2. () Í Mývatnssveit
3. () Í Skagafjörð

Nafn: _____

Heimilisfang: _____

Póstnúmer: _____

Sími: _____

Skrifið lausnina á blað og merkið það með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri (eða klippið út þennan seðil).

Skilafrestur er til kl. 17 mánudaginn

17. janúar 2005. Dregið verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við þá er heppnu.

Utanáskriftin er:

**Eining-löja
- verðlaunagetraun
Skipagötu 14
600 Akureyri**

Glæsilegir vinningar eru í boði:

1. verðlaun:


Vikudvöl í orlofshúsi í eigu Einingar-löju að eigin vali sumarið 2005.

2. verðlaun:

Vöruúttekt að verðmæti 10.000 í Nettó.

3. verðlaun:

Tveir leikhúsmiðar hjá Leikfélagi Akureyrar.



***Þar sem
jólín byrja!***

Verðlauna- krossgáta

Skrifið lausnarorðið á blað (reitir 1 til 11) og merkið blaðið með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Skilafrestur er til kl. 17 mánudaginn 17. janúar 2005. Dregið verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við þá er heppnu.

Utanáskriftin er:

**Eining-löja
- verðlaunakrossgáta
Skipagötu 14
600 Akureyri**

Glæsilegir vinningar eru í boði:

1. verðlaun:

Vöruúttekt að verðmæti 10.000 í Nettó

2. verðlaun:

Tveir leikhúsmiðar hjá Leikfélagi Akureyrar.



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



Óseyri 1a • 603 Akureyri
Sími: 461-2977




OLÍUVERZLUN
ÍSLANDS HF
www.olis.is



Starfsgreinasamband Íslands



P. Alfredsson ehf.
Draupnisdötu 7m • 603 Akureyri
Sími 462 3248



Daltré ehf.

Grundargata 9, 620 Dalvík
Sími: 466 1199



HAGSMÍÐI
Glerárgötu 3b • Símar: 461 2545



www.brimborg.is

PRICEWATERHOUSECOOPERS 
pwcglobal.com/is



Glerárgötu 34 • IS-600 Akureyri
Sími: 464 6400 • Fax 464 6411
raftakn@raftakn.is • www.raftakn.is

Landflutningar
SAMSKIP
samskip.is

saeplast
www.saeplast.com

FROST
www.frost.is



www.asi.is



HÓTEL
KEA-HARPA

SBA-NORÐURLEIÐ 
www.sba.is

LIV Landssamband
Íslenskra
verzlunarmanna
www.liv.is



www.efling.is



SEMENTVERGEMIDJAN

Höfnavegur 22, 101 Höfn, Sími: 461 0033, Fax: 461 0033
E-mail: info@sementvergjaf.is



461 3010



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN
www.tmhf.is



Félag
járníðnaðar-
manna

www.metalnet.is



www.istak.is



SJÓMANNASAMBAND
ÍSLANDS
Sætúni 1 • 105 Reykjavík
www.ssi.is



RAFIÐNAÐARSAMBAND
ÍSLANDS
www.raf.is/rsi



Samiðn
www.samidn.is

DALVÍKURBYGGÐ



Ráðhúsinu, 620 Dalvík
dalvik@dalvik.is



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS
www.vsfi.is



Gefðu jólagjöf sem vex!

Framtíðarreikningur – óvenjuleg gjöf sem sker sig úr fyrir notagildi og endingu

Framtíðarreikningur Íslandsbanka er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður átján ára og hefur þá margfaldað verðmæti sitt.

- ★ Bestu vextir almennra innlánsreikninga bankans – 5,5%*
- ★ Verðtryggður reikningur
- ★ Bundinn þar til barnið verður 18 ára
- ★ Auðvelt og þægilegt að spara reglulega
- ★ Framtíðarreikningur kemur í fallegrri gjafaðskju
- ★ Flottur sparibaukur fylgir með

Þú færð Framtíðarreikninginn í næsta útibúi Íslandsbanka.



ÍSLANDBANKI